

# LÖGMANNABLAÐIÐ

3. árg.

Október

3 / 1997

Er dómsskerfið ónýtt?

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna 1997

Disiplínærordningin for advokater i Norge

Nokkur orð um peningaþvætti

Málsmeðferð í skattamálum - hugleiðing

Álitsgerðir og úrskurðir stjórnar L.M.F.Í.

Golfmót L.M.F.Í. í sumar

Er eðlilegt að viðhalda Félagsdómi sem sérdómstól?

Norræna málflutningskeppnin 1997

Stefnubirting á Netinu

Af bókasafni L.M.F.Í.

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Marteinn Másson

Ritnefnd:

Árni Vilhjálmsson, hrl.

Björn L. Bergsson, hdl.

Jón G. Briem, hrl.

Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl.

*Er  
dómsskerfið  
ónýtt?*

—  
*Bls. 3*

*Disiplínær-  
ordningin  
for advokater  
i Norge*

—  
*Bls. 5*

*Málsmeðferð  
í skattamálum*

—  
*Bls. 9*

# HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:


1920-1924	500.-	1972	500.-	
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	
1930	550.-	1975	500.-	
1931-1932	500.-	1976	500.-	
1933	500.-	1977	500.-	
1934	500.-	1978	500.-	
1935	500.-	1979	500.-	
1936	500.-	1980	700.-	tvö bindi
1937	500.-	1981	800.-	eitt bindi
1938	500.-	1982	900.-	tvö bindi
1939	500.-	1983	1000.-	tvö bindi
1940	500.-	1984	1200.-	tvö bindi
1941	500.-	1985	1400.-	tvö bindi
1942	500.-	1986	1800.-	tvö bindi
1943	500.-	1987	2400.-	tvö bindi
1944	500.-	1988	3000.-	tvö bindi
1945	500.-	1989	3600.-	tvö bindi
1946 ljþ	800.-	1990	4500.-	tvö bindi
1966	500.-	1991	5000.-	tvö bindi
1967	500.-	1992	6000.-	þrjú bindi
1968	500.-	1993	6600.-	þrjú bindi
1969	500.-	1994	8800.-	fjögur bindi
1970	500.-	1995	8800.-	fjögur bindi
1971	500.-			

50% afsláttur til laganema

Sigurmar K. Albertsson, hrl.

## Er dómskerfið ónýtt?

Í júní s.l. birti tímarit eitt niðurstöður skoðanakönnunar, sem var unnin á vegum þess. Niðurstöðurnar vöktu athygli en skv. þeim hefur aðeins fjórðungur þjóðarinnar mjög mikla eða frekar mikla trú á dómskerfinu. Allir hinir hafa hinsvegar á því hvorki/né, frekar litla og mjög litla trú.



Sigurmar K. Albertsson, hrl.

Skoðanakönnun þessi hefur að vísu verið gagnrýnd m.a. vegna þess að hún var gerð samtímis annarri sem snérist um viðamiklð sakamál þar sem fjölmiðlar hafa stýrt umræðunni á nokkuð einhliða og neikvæðan hátt að því er að dómstólunum snýr og má ætla að sú umræða hafi að einhverju leyti ráðið niðurstöðum. Allt má þetta vera rétt og satt. En skiptir

það máli? Niðurstaðan hefði verið jafn vond þó að afstaða fólks hefði skipst til helminga í afstöðu sinni og fyrst hægt að tala um viðunandi niðurstöðu, ef hlutföllin snérist við - og tæplega þó.

Rétt er að hafa áhyggjur af þessari vísbendingu um viðhorf almennings. Þrátt fyrir gallana sem áður eru nefndir er niðurstaðan vond, ekki bara fyrir dómstólana heldur einnig fyrir lögmenn sem eru starfsmenn dómstólanna og vissulega hluti réttarkerfisins. Niðurstaðan er raunar slæm fyrir þjóðfélagið allt.

Hvað veldur þessu? Sumir skella skuldinni á fjölmiðla og vísa til þess að þeir móti viðhorfin, umfjöllunin um dómstóla og dómsmál sé röng, byggð á vanþekkingu, í besta falli á misskilningi og jafnvel á illvilja. Efalauft er eitthvað til í þessum staðhæfingum öllum, en þær geta ekki skýrt allt.

### Skoðum nokkur atriði.

Fyrir áratug var óþekkt að fjallað væri um verk Hæstaréttar með þeim hætti sem nú sést. Þegar einum dómara réttarins var vikið eftir málaferli var eins og áður óskráð regla hefði verið numin úr gildi og allt væri leyfilegt. Auðvitað var mál dómars „frétt“ og ekkert um það að segja. Hins vegar eru „fréttir“ eins og nú sjást um einstaka dómara réttarins, vinnu þeirra, dómsniðurstöður, einkalíf, fjölskyldur

o.s.frv. oftast út í hött og fjölmiðlafólki til litils sóma.

Umræða um hæfi dómara m.a. vegna persónulegra tengsla þeirra við aðila dómsmála m.a. vegna frændsemi og fjölskyldutengsla kemur stundum upp. Auðvitað eiga dómara að gæta þess að hlutleysi þeirra verði ekki dregið í efa. En hvað er hægt að ganga langt í þessum efnum? Ísland er dvergriki og það er stutt á milli manna og tæplega hægt að beita reglum til hins ítrasta í þessa átt. Ef svo ætti að vera hefði átt að hugsa fyrir þessu þegar fullveldið fékkst og dómsvaldið fluttist aftur til landsins - eða eigum við e.t.v. að ráða útlendinga til dómara starfa svo að allt verði öruggt í þessum efnum. Það má vera að önnur Evrópuríki eigi við þessi sömu vandamál að stríða s.s. Andorra, Lichtenstein, Monaco, Luxemburg og mögulega fleiri lönd af svipaðri stærðargráðu, án þess að ég hafi kynnt mér það sérstaklega.

Öðru máli gegnir um hæfisreglur sem lúta að hagsmunum. Í því samhengi er rétt að nefna atriði sem gætu haft áhrif á viðhorf fólks eins og það birtist í skoðanakönnuninni en það er þegar dómara-stéttin í heild verður vanhæf. Þess varð vart að fólki myndist það spaugilegt og dómara lítillækka sig þegar Héraðsdómur Reykjavíkur birtist á sjónvarpsskjánum fyrir nokkru og sagði sig frá skylduverkum sínum vegna þess að ágreiningsmálið snérist um eigið kaup, þó með óbeinum hætti hafi verið. Dómara Hæstaréttar þurftu svo sjálfir að víkja vegna sama máls, en allt var þó þetta gert eftir réttum reglum og skýrum lagafyrirmælum. Við þetta bætist að dómara-stéttin lagði sjálf í málaferli gegn framkvæmdavaldinu og hafði raunar sigur um stund, en fram-

### Lögmannafélag Íslands

Alftamýri 9, 108 Reykjavík  
sími (telephone): 568-5620  
bréfsími (telefax): 568-7057  
tölvupóstur (E-mail): lmf@tv.is

#### Stjórn L.M.F.Í.

Sigurmar K. Albertsson, hrl.,  
formaður  
Jakob R. Möller, hrl.,  
varaformaður  
Kristinn Bjarnason, hdl.,  
ritari  
Kristín Briem, hrl.,  
gjaldkeri  
Sigurbjörn Magnússon, hrl.,  
meðstjórnandi

#### Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson,  
framkvæmdastjóri  
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.  
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:  
kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Prentun: Borgarprent h.f.

Umsjón auglýsinga:  
Öflun ehf., sími 561-4440

kvæmdavaldið fann mótleik og nú hefur dómaraastéttin klagad sama vald fyrir umboðsmanni Alþingis. Þetta er ekki heppilegt og skaðar ímynd dómara. Með framansögðu er ég auðvitað ekki að leggja neinn dóm á launakjör dómara sem ég þekki ekkert til, en þarna verður að finna aðrar leikreglur til að fara eftir.

Enn eitt atriði sem hefur verið gagnrýnt m.a. á Alþingi, stundum með réttu en stundum röngu er hlutur dómara í verkum framkvæmdavaldsins. Það sem gagnrýnt er með röngu að mínu mati er hlutur dómara við að semja lög og reglur á vegum framkvæmdavaldsins. Ég hef aldrei séð neitt athugað við slíkt og tel raunar heppi-legt að reyndir dómara komi að lagasmíð. Hitt atriðið er réttilega gagnrýnt þ.e. seta dómara í allskyns stjórnáslunefndum á vegum framkvæmdavaldsins og jafnvel á vegum einkaaðila. Gjarnan eru


þetta úrskurðanefndir af ýmsum gerðum og í ólíkum málaflokkum en nánast allar því sama marki brenndar að enginn þarf að setta sig við niðurstöður þeirra og hægt að halda áfram með málið í dóm- sal. Það er eðlilega langt í frá þægi-legt fyrir þá sem hlut eiga að máli að rekast aftur á nefndarmann á þeim vettvangi og nú sem dómara, jafnvel í sama málinu eins og dæmi eru um.

Dómarar eiga ekki með þessum hætti að verða hluti framkvæmdavaldsins, og allra síst á meðan þeir sjálfir standa í hinni eilífu baráttu um sjálfstæði dómvaldsins. Dóm- endur fara með dómvaldið og eiga helst ekki að þvælast á öðrum sviðum hins þrískipta ríkisvalds. Ef vantar fólk með lögfræðimenntun í stjórnáslunefndir þá er nóg af hæfum óháðum lögmonnum til að fylla þau sæti.

Ög til að svara spurningu fyrir- sagnar þessa greinarkorns þá er

auðvitað langt í frá að dómskerfið sé ónýtt. Þvert á móti starfar það ágætlega, dómaraastéttin er mönn- uð hæfu fólki, aðbúnaður er í meg- inatriðum ágætur, afköst og vinnu- brögð í góðu lagi. Hvað er þá að? Um það hef ég ekki hugmynd og þrátt fyrir nokkur dæmi hér að framan sem mætti raunar auka við, skýrir það tæplega þessi neikvæðu viðhorf sem fólk virðist hafa til dómstóla og dómskerfis.

Það er ekki hægt að afgreiða niðurstöður þessarar könnunar með því einfaldlega að skella skuldinni á fjölmiðla eða fram- kvæmd hennar. Fleiri ástæður hljóta að liggja hér að baki og þessa neikvæðu ímynd þarf að laga. Réttast er að byrja á því að gera aðra og ítarlegri könnun þar sem kannaðar væru orsakir þessa- ara viðhorfa og ekki síður til að fá úr því skorið hvort þessi var rétt.



**Vista**  
Vista skrifstofuhúsgögn samræma ströngustu kröfur um verð, gæði, glæsilegt útlit og notagildi. Uppróðunarmöguleikarnir eru fjölmargir og bjóða uppá góða starfsaðstöðu hvort sem um er að ræða fyrir litlar eða stórar skrifstofur. Vista skrifstofuhúsgögn eru framleidd úr beyki eða mahóni. Við bjóðum faglega ráðgjöf innanhússarkitekta, heilbrigðis- ráðgjafa og annarra solumanna með tillögur sérsniðnar að þínum þörfum.  
Hönnuður: Gunnar Magnússon FHI

**gks**  
Húsgagnagerð  
Smíðjuvegi 2, Kópavogi  
Sími 567 2110  
Fax 567 1688  
Gamla komaníð stofnað 1908  
Kristján Siggeirsson stofnað 1919  
Steinar stálhúsgagnagerð stofnuð 1960

# TOSHIBA

Fyrir fólk á ferð og flugi

## Toshiba Satellite 220 CDS

133 MHz pentium örgjörvi  
16MB EDO RAM innra minni  
(stækkanlegt í 144 MB EDO RAM)  
12,1" DSTN litaskjár  
1,44 GB harðdiskur  
10 hraða geisladrif  
Öll helstu tengi þ.a.m. infrarautt serial tengi  
16 bita hljóðkort og hátalarar  
Innbyggður straumbreytir  
1 árs alþjóðleg ábyrgð



Öflug fartölva á frábæru verði - takmarkað magn!

**199.900,-**

**Tæknival**

Skeifunni 17  
108 Reykjavík  
Sími 550 4000  
Netfang: mottaka@taeknival.is

Reykjavíkurvegi 64  
220 Hafnarfirði  
Sími 550 4020  
Netfang: fjordur@taeknival.is

### UMBODSMENN OG ÞJONUSTA UM LAND ALLT:

• AKRANES	Tölvuþjónustan	431-4311	• REYKJANESBÆR	Tölvuvæðing	421-4040
• AKUREYRI	Tölvutæki-Bókval	462-6100	• SAUÐÁRKRÓKUR	Skagfirðingabúð	455-4537
• HORNAFJÖRÐUR	Hátíðni	478-1111	• SELFOSS	Tölvu- og rafeindabj.	482-3184
• HÚSAVÍK	Tölvuþj. Húsavík	464-2169	• VESTMANNAEYJAR	Tölvun	481-1122
• ÍSAFJÖRÐUR	Tölvuþj. Snerpa	456-5470			

# Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna 1997

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna var haldinn 29. ágúst s.l. á Fjóni í Danmörku. Í ár eru liðin 60 ár síðan félagin héldu fyrsta fundinn af þessu tagi og var fundurinn á Fjóni sá þrítugasti og þriðji í röðinni. Lögmanna-félag Íslands tók fyrst þátt í þessu samstarfi 1957. Á fundum þessum hittast fulltrúar félaganna til að ræða sameiginleg hagsmunamál lögmanna og lögmannafélaga á Norðurlöndunum og skiptast á upplýsingum. Af hálfu L.M.F.Í. sóttu fundinn Sigurmar K. Albertsson, formaður og Marteinn Másson, framkv.stj.

Fulltrúar hvers félags fjölluðu um fyrirfram valið efni auk þess sem gerð var grein fyrir starfsemi félaganna síðast liðið ár.

## Starfsemi félaganna.

Í norska lögmannafélaginu voru um síðustu áramót 4287 lögmenn, þar af 3823 (89%) "aktívir" og 464 (11%) passívir. Í skýrslu sinni um starfsemi norska lögmannafélagsins gerðu fulltrúar þess m.a. grein fyrir nýju fyrirkomulagi í eftirlits- og agamálum, sem tók gildi um síðustu áramót. Þá fjölluðu þeir um fyrirhugaðar breytingar á félagatali, en uppi eru hugmyndir um að flokka félagsmenn eftir því á hvaða réttarsviðum þeir helst starfa, auk hefðbundinnar flokkunar. Þá kom fram að í Noregi er virðisaukaskattur ekki lagður á lögmannsþjónustu en rætt hefur verið um að gera þá þjónustu virðisaukaskattskylda. Sögðu norsku fulltrúarnir að reynt yrði að fá því framgengt að fella lögmannsþjónustu undir lægsta skattþrepið. Í ársskýrslu norska lögmannafélagsins var m.a. greint frá þróun iðgjalda vegna ábyrgða

(garanti), sem norskir lögmenn verða að leggja fram vegna starfsemi sinnar. Ábyrgðarfjárhæðin er 5 milljónir norskra króna (u.p.b. 50 milljónir íslenskra króna) en iðgjöld fyrir árin 1997 og 1998 nema 7.500 norskum krónum fyrir hvort ár, eða u.p.b. 75.000 íslenskum krónum.

Í Finnlandi eru rúmlega 1330 lögmenn, þar af eru 257 konur (19%). Hinir 1330 félagsmenn starfa á samtals 782 lögmannastofum. Í skýrslu finnska lögmannafélagsins var m.a. frá því greint að heimild finnskra lögmanna til að auglýsa þjónustu sína hefði nýlega verið rýmkuð verulega. Áður var þeim nær ómögulegt að auglýsa. Nú geta finnskir lögmenn kynnt þjónustuna svo fremi sem sú kynning feli í sér réttar upplýsingar og sé í samræmi við góða lögmannshætti. Þá kom fram að engar reglur gilda í Finnlandi um heimild lögmanna til að kalla sig sérfræðinga á tilteknum réttarsviðum. Hins vegar hefur lögmannafélagið tekið saman lista yfir 36 mismunandi réttarsvið og geta lögmennirnir tilgreint af þeim lista þau réttarsvið, sem þeir helst sinna, til birtingar í félagatalinu. Kæru- og ágreiningsmálum, sem bærust síðanefnd finnska lögmannafélagsins, fækkaði milli ára 1995 og 1996, úr 227 í 194. Í vor féll dómur í hæstarétti Finnlands (Högsta domstolen) þar sem staðfest var niðurstaða stjórnar lögmannafélagsins um að víkja úr félaginu lögmanni, sem vegna ógjaldfærni (insolvens) þótti ekki hæfur til að reka lögmannsþjónustu. Við brottvikningu úr finnska félaginu missa menn rétt til að kalla sig lögmenn (advokat), þannig að vald stjórnar félagsins er allmikið í þessum efnum. Í mars á þessu ári var hafin starfræksla fyrstu lögmannavaktarinnar í Finn-

landi og hefur framtakið fengið mjög jákvæðar undirtektir meðal almennings. Lögmennavaktir eru nú starfræktar á 10 stöðum í landinu.

Í Danmörku eru rétt tæplega 3900 lögmenn, þar af eru 18% konur. Um 57% stéttarinnar eru einyrkjar, 36% starfa á 2-5 manna stofum en einungis 7% starfa á stofum, þar sem eru 6 lögmenn eða fleiri. Þá er athyglisvert að 90% lögmannsstofanna eru með 41% af heildarveltu danskra lögmanna, en 10% stofanna hafa 59% veltunnar. Um síðustu áramót misstu danskir lögmenn einkarétt til að gefa út afsöl í fasteignaviðskiptum. Engar verulegar breytingar hafa enn orðið á samkeppnisstöðu lögmannaanna gagnvart öðrum stéttum, sem leita á þennan markað, en danskir lögmenn telja líklegt að sterk staða þeirra á þessu sviði muni veikjast þegar fram líða stundir. Til skamms tíma höfðu þeir 30-35% af tekjum sínum af fasteignamiðlun. Fulltrúar danska lögmannafélagsins kynntu stefnumótun þess til ársins 2000 (Advokatrådets Erhvervspolitik frem mod år 2000). Félagið hefur með nokkurra ára millibili endurskoðað stefnu og markmið félagsins og stéttarinnar og reynt þannig að móta eða hafa áhrif á þá þætti, sem m.a. ráða samkeppnisstöðu stéttarinnar gagnvart öðrum stéttum.

Sænskir lögmenn eru nú 3270 talsins og eru 14% stéttarinnar konur. Kæru- og ágreiningsmálum til félagsins fækkaði um 15% milli ára 1995 og 1996, úr 662 í 567. Tímagjald sem lögmenn fá greitt í málum, sem falla undir opinbera réttaraðstoð, var síðasta árið 803 sænskar krónur (1.004 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti) eða um 8.000 íslenskar krónur. Sú breyting verður á opinberri réttar-

Forsætisfundur norræna lögmannafélagsins var haldinn á Skusgård Herregård á Fjóni.

Fulltrúar danska lögmannafélagsins, f.b. Niels Skovgård Larsen, varaformaður; Steffen Juul, formaður; Henrik Rotbe, framkvæmdastjóri og Annette Borchsenius, lögfræðingur.



aðstoð 1. desember n.k. að henni er ætlað að vera einhvers konar varaskeifa við hlið þeirrar réttaraðstoðar, sem innifalin er í tryggingum hvers konar, t.d. heimilistryggingum. Hjá sænska lögmannafélaginu vinna 23 starfsmenn.

## Hnignun réttarkerfisins

Sænsku fulltrúarnir fjölluðu um það sem þeir telja vera að nokkru leyti merki hnignunar í sænska réttarkerfinu. Skipulagsbreytingar hjá undirréttardómstólunum og fækkun þeirra geri almenningi erfiðara fyrir að leita réttar síns eða gæta hagsmuna sinna. Vegna sparnaðaraðgerða skorti starfsfólk til að sinna kærumálum hjá lögregluembættunum. Setning laga og reglna færi ekki fram með eins vönduðum hætti og áður. Breytingar á fyrirkomulagi opinberra réttaraðstoðar 1. desember n.k. eru taldar fela í sér allmiklar takmarkanir á möguleikum almennings til

að gæta hagsmuna sinna í réttarkerfinu. Sænsku fulltrúarnir lýstu þessu og enn fleirum atriðum, sem þeir töldu vísbendingu um að hallaði undan fæti að því er réttaröryggi landsmanna varðaði. Í umræðum eftir framsöguna lýstu fulltrúar hinna félaganna ástandinu í þeirra eigin löndum, en greinilegt er að menn hafa misjafnlega miklar áhyggjur af ástandinu. Þó virtust allir sammála um að sá hraði, sem nú ríkir oft við undirbúning og setningu laga, gæti leitt til óvandaðri lagasetningar.

## Samningar lögmanna við viðskiptamenn um verkbeiðni. Staðfesting á verkbeiðni.

Á vettvangi norska lögmannafélagsins hefur í nokkur misseri farið fram umræða um það hvort lögmenn eigi að jafnaði að gera sérstaka samninga við umbjóðendur sína um þau verkefni, sem þeim er

falið að vinna. Norsku fulltrúarnir gerðu grein fyrir þessari umræðu og dreifðu meðal fundarmanna bréfi til félagsmanna ásamt gátlista um samninga eða staðfestingu á verkbeiðni, drög að bréfi lögmanns til umbjóðanda, þar sem staðfest er verkbeiðni og auk þess veittar ýmsar upplýsingar, svo sem um þóknun lögmannsins. Að mati norðmannanna er hægt að tilgreina ýmsar veigamiklar röksemdir fyrir því hvers vegna lögmenn ættu í mörgum tilvikum að gera sérstaka samninga um verkefni, sem þeir taka að sér, eða í það minnsta að staðfesta skriflega samkomulag við umbjóðanda um verkefni. Oft eru lögmenn hinn „sterki“ aðili í samningssambandinu við umbjóðandann og því e.t.v. ekki óeðlilegt að gera þá kröfu að þeir sjái til þess að ákveðin festa ríki í samskiptunum. Þá megi umbjóðandi ætlast til þess af lögmönnum, eins og öðrum þjónustu-

aðilum, að fyrirfram séu ljósir þeir skilmálar, sem samningur þeirra byggist á. Þá sé opin ská umræða um þóknun til þess fallin að draga úr óvissu um bjóðandans og þannig geti hann betur ákveðið umfang verksins. Af lögmannsins hálfu hefur þetta þá kosti í för með sér m.a. að óvissu er eytt um hvert verkefnið nákvæmlega er og umfang þess. Slíkt getur skipt máli að því er ábyrgð lögmannsins á verkinu varðar. Einnig skapa þessi vinnubrögð meira traust milli lögmanns og umbjóðanda og leiða til færri vandamála eða ágreiningsmála þegar liður á samningstímum. Reynslan í kær- og ágreiningsmálum sýnir að yfirleitt er það lögmaðurinn sem ber hallann af því að ekki er gengið frá lausum endum strax í upphafi.

### Rekstur lögmannastofa o.fl.

Finnsku fulltrúarnir lögðu fram og kynntu niðurstöður í nýrri athyglisverðri skoðanakönnun meðal finnskra lögmannna um tekjur og gjöld, sundurgreiningu á vinnutíma lögmannna o.fl. Hafa sams konar kannanir verið gerðar á árunum 1980, 1987, 1992 og 1996 og er því til allgott yfirlit um þessi mál í 16 ár. Samkvæmt könnuninni eru nettótekjur lögmannna (skattskyldar tekjur, arður o.s.frv.) að meðaltali frá 3,3 til 4,7 milljóna króna, mismunandi eftir aldri. Eru lögmennt á aldrinum 36-49 ára tekjuhæstir en lögmennt 35 ára og yngri tekjulægstir. Þá sker höfuðborgarsvæðið sig úr hvað varðar meðaltalstekjur eftir landshlutum. Þar eru meðaltekjurnar u.þ.b. 5,6 milljónir króna. Athygli vekur að finnskir lögmennt hafa jafnháar tekjur af málflutningsstörfum eins og af annars konar lögmannsstörfum. Mestar tekjur eru vegna þjónustu við viðskiptalíf, um 30%. Tæplega 20% tekna eru vegna verkefna á sviði sífja- og erfðaréttar, tæp 19% af gjaldprotamálum og tæp 13% af sakamálum. Rúmlega 50% finnskra lögmannna hafa engar eða að hámarki 5% tekna sinna af verkefni-

um, sem falla undir opinbera réttarástoð. Finnskir lögmennt vinna frá 41 klst. upp í 46 klst. að meðaltali á viku, mest þeir sem starfa á lögmannsstofum, sem reknar eru í hlutafélagsformi. Að meðaltali geta þeir selt 68,8% af vinnutíma sínum, 13,1% fer í stjórnun o.fl., 6,9% í endurmenntun ýmis konar og 11,1% í annað.

-----  
*Þá sé opin ská umræða um þóknun til þess fallin að draga úr óvissu um bjóðandans . . .*  
 -----

Í máli finnsku fulltrúanna kom fram að eftir breytingar á réttarkerfinu árið 1993 fari meiri tími hjá lögmenntum í undirbúning dómsmála. Þá gátu þeir þess að álagning 22% virðisaukaskatts á lögmannsþjónustu fyrir nokkrum árum hefði leitt til lækkunar á þóknun lögmannna.

### Skylduaðild eða frjáls aðild að lögmannafélögum í ljósi sjónarmiða um óháða lögmannastétt.

Fulltrúar L.M.F.Í. fjölluðu um þetta efni m.a. vegna þeirra umræðna, sem orðið hafa hér á landi um skylduaðild eða frjálsa aðild að L.M.F.Í. og hvernig haga skuli eftirliti og agavaldi. Gerð var grein fyrir rökum með og móti skylduaðild og hvernig umræðan tengdist sjónarmiðum um sjálfstæða og óháða lögmannastétt í réttarríkinu. Þá var dreift upplýsingum um hvernig þessum málum er háttað í öðrum Evrópulöndum, sem nánast öll hafa skylduaðild að lögmannafélagi. Sérstaka athygli vakti þróunin í hinum svokölluðu nýfrjálsu ríkjum í Austur-Evrópu, en þau hafa tekið þá stefnu í endurskoðun laga um lögmennt að skylda þá til aðildar að lögmannafélagi og jafnframt að fela lögmannafélögunum eftirlits- og agavaldið. Er hér um að ræða lönd eins og Ungverjaland, Slóvakíu, Tékkland og Slóveníu.

Nokkur umræða varð um efni þetta, sérstaklega sérstöðu norsku lögmannastéttarinnar í þessu evrópska samhengi.

### Skattaráðgjöf og siðareglur

Í Danmörku hefur á undanförunum árum verið mikil umræða um það sem nefnt er á dönsku „selskabstømning“, m.a. þátt ýmissa ráðgjafastétta, aðallega lög- og tilra endurskoðenda og lögmannna. Um er að ræða í sem stystu máli kaup á hlutabréfum í félögum, sem hafa sámilega lausafjárstöðu en á móti nokkrar skuldir, aðallega skattaskuldir. Peningarnir eru síðan teknir úr félaginu og það sett í gjaldprot, kröfuhöfum og þá aðallega ríkissjóði til tjóns. Hefur umræðan m.a. snúist um þátt ráðgjafanna í sölu fyrirtækjanna, þ. á m. um þær skyldur, sem hvíla á endurskoðendum og lögmenntum gagnvart seljendum, sem þeir veita ráðgjöf, en einnig gagnvart kröfuhöfum, þ. á m. ríkissjóði.

Dönsku fulltrúarnir fjölluðu um málefni þetta út frá ýmsum hliðum. Varpað var fram til umhugsunar mörgum spurningum, svo sem um það hvort lögmaður eigi að neita um ráðgjöf, ef hann hefur ekki fulla, lögfræðilega yfirsýn um mál-efnið. Á lögmaður, sem veit um markmið umbjóðanda síns, einnig að kanna hvers vegna umbjóðandinn vill ná fram tilteknum markmiðum. Á lögmaður, sem nýtur trausts almennings og stjórnvalda, að bera einhvers konar siðferðilega ábyrgð á þeim löggæringum, sem hann veitir ráðgjöf um. Þá voru reifaðir nokkrir danskir dómar um ráðgjafaábyrgðina.

Næsti forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna verður haldinn á Íslandi í lok ágúst 1998.

MM

*Atle Helljesen, formaður norska lögmannafélagsins*

# Disiplinærordningin for advokater i Norge

Um síðustu áramót urðu allnokkrar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits- og agavalds yfir norskum lögmenntum, útgáfu málflutningsleyfa o.fl. Hið nýja kerfi virðist e.t.v. vera flókið og framandi, en hafa verður í huga ólíkar uppbyggingu réttarkerfisins, auk hins landfræðilegra þáttar og fólksfjölda. Engu síður er forvitnilegt að fræðast lítillaga um hið nýja norska kerfi. Af því tilefni var Atle Helljesen, nýkjörinn formaður norska lögmannafélagsins (Den Norske Advokatforening), fenginn til að lýsa í stuttu máli helstu breytingunum í eftirfarandi pistli.



Atle Helljesen, formaður norska lögmannafélagsins

Vært en egen disiplinærordning í tillegg til klagemuligheten til Justisdepartementet. Foreningens disiplinærordning er knyttet opp til etiske regler vedtatt av foreningen. Disiplinærorganene kunne ilegge advarsler og bøter. Alvorlige tilfeller kunne føre til at eksklusjonssak ble tatt opp. Denne klageordning har fungert godt, mens departementets klageordning fungerte dårlig. Det har hatt til følge at en del medlemmer meldte seg ut av foreningen når de fikk klagesaker mot seg. På den måten unngikk de foreningens disiplinærssystem.

-----  
*Grunnlaget for de krav som stilles til advokater, er de etiske regler som er utarbeidet av advokatforeningen.*  
 -----

Staten ønsket å avvike sin klageordning og samtidig få en offentlig innflytelse på advokatforeningens klageordning. De ønsket den skulle gjelde for alle advokater, enten de var medlemmer av foreningen eller ikke. Dertil kommer at ordningen med klagemulighet til Høyesteretts kjæremålsutvalg, som eneste overprøving av departementets avgjørelse, ble

ansett å være i strid med internasjonale forpliktelser.

Den Norske Advokatforening valgte å samarbeide med myndighetene om en ordning som kunne omfatte både medlemmer og ikke-medlemmer. Ordningen kan virke komplisert, og det er umulig å si hvorvidt den vil fungere godt nok, før den har virket en tid.

Grunnlaget for de krav som stilles til advokater, er de etiske regler som er utarbeidet av advokatforeningen. For at disse skal ha virkning for ikke-medlemmer, er de stadfestet gjennom en statlig forskrift. Det samme vil gjelde for senere endringer. Det er advokatforeningen som har retten til å foreslå endringer.

Advokatforening har hatt en rekke regionale disiplinærutvalg, som har behandlet klagesaker mot medlemmer i første instans. Disse utvalgene er opprettholdt i den nye ordningen. Også ikke-medlemmer av advokatforeningen kan velge å la klager mot seg behandle av disse utvalgene som første instans.

Avgjørelsene i de regionale utvalg kan ankes inn for en sentral disiplinærnemnd. Nemnda har fem medlemmer. To advokater foreslås av advokatforeningen, mens to andre jurister og en dommer utpekes av staten. Dommeren er formann. Denne nemnda skal behandle klager både mot medlemmer og ikke-medlemmer. Den kan ikke ilegge bøter.

Tidligere var advokater pliktige til å betale et årlig tilskudd til Advokatenes Erstatningsfond, som var nær tilknyttet advokatforeningen. Fondet førte tilsyn med advokaters økonomiske virksom-

## Nokkur orð um peningaþvætti



Guðlaug B. Ólafsdóttir, lögfræðingur hjá lögfræðideild Íslandsbanka hf.

**Þann 1. júlí 1993 tóku gildi lög nr. 80/1993 um aðgerðir gegn peningaþvætti og með reglugerð nr. 272/1994 var nánar kveðið á um hlutverk fjármálastofnana í því sambandi.**

Í 1. grein laganna er tilgreint til hvaða fjármálastofnana lögin taka. Fjármálastofnanir þessar eru viðskiptabankar, sparisjóðir og dótturfélög þeirra, stofnanir samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, líftryggingafélög og séreignalífeyrisjóðir, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir og héraðslög útibú erlendra fjármálastofnana sem hafa með höndum samskonar starfsemi og þær stofnanir sem þegar eru upp taldar. Ráðherra er jafnframt heimilað að ákveða með reglugerð að fella undir ákvæði laganna fleiri aðila sem líklegir eru taldir til að verða notaðir til að þvætta peninga. Með reglugerð nr. 695/1994 var síðan fleiri aðilum bætt við en það voru Póst- og símamálastofnunin, þ.m.t. Póstgíróstofan, greiðslukortafyrirtækin, verðbréfamíðlarar og skiptistöðvar. Rætt hefur verið um að lögin ættu að taka til hinna ýmsu starfsstétta, sem eru í þeirri aðstöðu að geta fylgst með viðskiptum annarra eða fara í starfa sínum með háar fjárhæðir í umboði skjólstæðinga sinna, svo sem lögmenn, löggilta endurskoðendur, fasteignasala og bílasala. Þess má geta að í drögum að reglugerð nr. 695/1994 var gert ráð fyrir að lögmenn yrðu felldir undir reglugerðina. Því var mótmælt af hálfu Lögmannafélagsins á þeim forsendum að sú tilkynninga- og upplýsingaskylda, sem þar með yrði lögð á lögmenn, bryti gegn lögbundinni þagnarskyldu lögmanna. Þeir lögmenn, sem starfa

innan fjármálastofnana, búa hins vegar yfirleitt við þá sérstöðu að trúnaðarskylda þeirra sem lögmanna snýr einungis að fjármála- stofnuninni.

-----  
*Það er því ljóst að lögin víkja til hliðar hinu stranga ákvæði viðskiptabankalaganna um þagnarskyldu bankastarfsmanna . . .*  
-----

Í lögnum kemur fram sú meginregla að fjármálastofnanir skuli ekki af ásetningi taka þátt í peningaþvætti. Lögin skilgreina ekki hvað er átt við með peningaþvætti, heldur er í þeim almennt lýst hvernig hætta er á að fjármálastofnanir geti verið notaðar til að þvætta peninga. Þar segir að fjármálastofnun skuli ekki í starfsemi sinni taka þátt í að varðveita, yfirfæra eða hagnýta eign eða breyta henni úr einu eignarformi í annað þegar vitneskja eða rökstuddur grunur er til staðar um að rekja megi uppruna eignar til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni. Má því segja að peningaþvætti sé brot sem felst í því að dylja slóð illa fenginna fjármuna.

Með lögnum um aðgerðir gegn peningaþvætti eru lagðar ríkar

skyldur á fjármálastofnanir og starfsfólk þeirra til að koma í veg fyrir að stofnanirnar séu notaðar til peningaþvættis. Verður það að teljast nokkuð sérstakt að svo ríkar skyldur séu lagðar á heila starfsstétt, sem ekki er eingöngu skipuð sérfræðingum, til að framfylgja ákveðnum reglum og vinnubrögðum, að viðlögðum sektum.

Af þeim skyldum, sem fjármálastofnanir og starfsfólk þeirra bera, skal helst nefna skyldu fjármálastofnunar til að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti, sem grunur leikur á að rekja megi til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni og tilkynna ríkissaksóknara um viðskipti, þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Ekki er ætlast til þess að starfsmenn fjármálastofnana meti frá hvaða refsiverða verknaði viðskipti stafa, enda er það ekki á færi annarra en lög- lærðra sérfræðinga að meta hvort um sé að ræða viðskipti, sem falla undir peningaþvætti eður ei. Sú skylda hvílir einungis á starfsmönnum að tilkynna til ríkissaksóknara ef um grunsamleg viðskipti er að ræða. Í framkvæmd hefur tilkynningaferlið innan Íslandsbanka verið þannig að starfsmaður útibús, sem verður var við grunsamleg viðskipti, tilkynnir yfirmanni útibúsins um grun sinn. Yfirmaðurinn hefur síðan samband við sérstakan ábyrgðarmann, sem hverri stofnun er skylt að skipa og ber ábyrgð á innra eftirliti stofnunar með aðgerðum gegn peningaþvætti. Ábyrgðarmaðurinn tekur ákvörðun um hvort viðskipti skulu athuguð nánar og hvort senda skuli tilkynningu til ríkissaksóknara. Síðan er það á ábyrgð ríkissaksóknara hvað gert verður í framhaldi af tilkynningu fjármálastofnunar, en þaðan hafa málin verið

het. Í dag har alle advokater plikt til á stille sikkerhet for eventuelle krav mot seg. Det er Tilsynsrådet som kontrollerer at sikkerhet stilles og at advokatvirksomhet drives innenfor lovens rammer, herunder på en økonomisk korrekt måte. Tilsynsrådet har en advokat foreslått av advokatforeningen som formann, samt to styremedlemmer utpekt av departementet, hvorav den ene skal være revisor.

Justisdepartementet har ved nyordningen frasagt seg myndigheten til å utstede og tilbakekalle advokatbevillinger. Denne myndighet er overført til en selvstendig advokatbevillingsnemnd. Bevillingsnemnda har tre medlemmer, nemlig disiplinærnemndas formann (dommeren), tilsynsrådets formann (advokaten), mens det tredje medlemmet (formannen) er en dommer utpekt av Justisdepartementet. Avgjørelsene til bevillingsnemnda kan overprøves av de ordinære domstoler.

Jeg vil også nevne at advokatforeningen har sekretariatet for den sentrale disiplinærnemnd, mens tilsynsrådet og bevillingsnemnda har et felles selvstendig sekretariat. Det utveksles noe informasjon mellom sekretariatene.

Gjennom det samarbeid som har ført til ovennevnte ordning, føler Den Norske Advokatforening at de forstatt har hånd om hvilke regler som skal gjelde for advokatene og en vesentlig medvirkning i disiplinærsystemet.

I et land med tvunget medlemskap i foreningen, vil det være mest hensiktsmessig at foreningen har hånd om klageordningen, men slik at utenforstående kan delta i klageorganene. Tvunget medlemskap gir en bedre løsning av disse spørsmål. Når vi i Norge har en komplisert ordning, skyldes det at det har vært utelukket å ta opp spørsmålet om tvunget medlemskap i foreningen.



### Heiðursfélagar L.M.F.Í. - leiðrétting

Í fyrsta tölublaði Lögmannablaðsins á þessu ári var greint frá því hverjir hefðu verið kjörnir heiðursfélagar Lögmannafélags Íslands. Í þá upptalningu vantaði Lárus Jóhannesson, hrl., fyrrverandi formann L.M.F.Í. og fv. hæstaréttardómara, en Lárus var kjörinn heiðursfélagi á aðalfundi L.M.F.Í. árið 1961.

## LÖGMENN

Löggiltar þýðingar á dómskjölum og öðrum gögnum. Dómtúlkun.

*Skjót og vönduð vinnubrögð.*

### ÞÝÐINGAR OG TEXTARÁÐGJÖF

Pósthússtræti 13, 2. hæð  
101 Reykjavík • Sími: 562-6588  
Bréfsími: 562-6551

Netfang: ellen@treknet.is

### Ellen Ingvadóttir

löggiltur dómtúlkur og skjálþýðandi



Menningarmiðstöðin Gerðuberg

## Funda- og ráðstefnupjónusta


- ▶ Öll aðstaða fyrir fundi og ráðstefnur
- ▶ Hjóð- og myndbandsupptökur
- ▶ Sjáum um veitingar

Sími 567 4070 • Fax 557 9160

send til rannsóknar hjá ríkislög-  
reglustjóra (áður RLR).

Auk þeirrar skyldu, að tilkynna  
ríkissaksóknara um grunsamleg  
viðskipti, er starfsmönnum fjár-  
málastofnana jafnframt skylt að  
veita lögreglu og ríkissaksóknara,  
sem rannsaka peningaþvættismál,  
þær upplýsingar, sem nauðsynleg-  
ar eru taldar vegna rannsóknarinn-  
ar. Það er því ljóst að lögin víkja til  
hliðar hinu stranga ákvæði við-  
skiptabankalaganna um þagnar-  
skyldu bankastarfsmanna eða  
bankaleyndinni, sem hefur alla tíð  
verið einn af hornsteinum banka-  
rekstursins. Fyrir tilkomu laganna  
hefði þurft dómsúrskurð til að  
aflétta bankaleynd vegna rann-  
sóknar slíks máls. Þetta frávik frá  
þagnarskyldunni er áréttað í 11.  
grein laganna, en þar segir að upp-  
lýsingar, sem gefnar eru í góðri trú  
samkvæmt lögum, teljist ekki til  
brots á þagnarskyldu, sem starfs-  
fólk er bundið við samkvæmt lög-  
um eða með öðrum hætti. Ýmsir  
hafa velt því fyrir sér hvort þetta  
frávik frá þagnarskyldunni kynni

## SKJALASKÁPAR



2 - 3 - 4 SKÚFFUR MARGIR LITIR  
HAGSTÆTT VERÐ

ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF  
SUNDABORG 3 SÍMI 568 4800

EG SKRIFSTOFUBÚNAÐUR  
ARMÚLA 20 SÍMI 533 5900

að rýra það traust, sem ríkir milli  
bankans og viðskiptamanna hans  
og grundvallast á trúnaðarskyldu  
bankans. Í raun má segja að ekki  
hafi reynt á það enn sem komið er,  
því líklega er almenningi ekki  
kunnugt um þetta ákvæði laganna.  
Rannsókn á þeim tilkynningum,  
sem fara frá fjármálastofnunum, fer  
að sjálfsögðu leynt. Því til árétting-  
ar leggja lögin þá skyldu á stjórn-  
endur, starfsmenn og aðra, sem  
vinna í þágu fjármálastofnunar, að  
gæta þess að hvorki viðskipta-  
menn né aðrir utanaðkomandi að-  
ilar fái vitneskju um það frá stofn-  
uninni að ríkissaksóknara hafi ver-  
ið sendar upplýsingar eða rann-  
sókn sé hafin vegna gruns um  
hegningarlagabrot eða fíkniefna-  
brot.

Lögin um aðgerðir gegn pen-  
ingaþvætti gera sömu kröfur til  
bankaeftirlits Seðlabanka Íslands  
og til fjármálastofnana um að gera  
ríkissaksóknara viðvart fái banka-  
eftirlitið í störfum sínum vitneskju  
um viðskipti, sem tengjast pen-  
ingaþvætti eða ef grunur leikur á  
að svo sé. Í þessari kröfu felst jafn-  
framt skylda bankaeftirlitsins, sem  
eftirlitsaðila samkvæmt viðskipta-  
bankalögum, að kanna sérstak-  
lega hvernig innra eftirliti fjármála-  
stofnana, sem þeir hafa eftirlit  
með, sé háttað. Bankaeftirlitinu er  
meðal annars ætlað að kanna með  
hvaða hætti fjármálastofnanir  
hindra að þær séu notaðar til við-  
skipta, sem tengjast afbrotum, s.s.  
hvernig starfsreglur þær hafa sett  
sér og hvernig þjálfun starfsfólks er  
háttað. Það er því ljóst að gott eft-  
irlit er með því hvernig bankar og  
aðrar fjármálastofnanir framfylgja

## Páll Heiðar Jónsson

lögilltur skjalapýðandi og dómtúlkur á og úr ensku.

Laugavegi 105, (Hlemmi 3) • Sími 552-1106 • Reykjavík

Sinni einnig nytjapýðingum af ýmsu tagi.

lögum og reglugerð um aðgerðir  
gegn peningaþvætti. Þess má jafn-  
framt geta að Ísland gerðist á árinu  
1991 aðili að samráðsnefnd, sem  
starfar á vegum OECD og kallast  
FATF - Financial action task force.  
Hlutverk þessarar nefndar er að  
vinna að aðgerðum til að koma í  
veg fyrir að bankar og aðrar fjár-  
málastofnanir séu misnotaðar til  
þess að koma illa fengnu fé í um-  
ferð. Nefndin hefur sett fram  
ákveðnar tillögur, sem stuðla eiga  
að þessu markmiði og hefur Ísland  
með aðild sinni að nefndinni  
skuldbundið sig til að aðlagja lög-  
gjöf sína og starfsreglur að tillögum  
nefndarinnar. FATF fylgir því síðan  
eftir að aðildarlöndin fari að þess-  
um tillögum. Heimsótti sendinefnd  
á þeirra vegum Ísland árið 1994 til  
að kanna hvernig málum væri hér  
háttað og er fyrirhugað að þeir  
komi aftur á næsta ári.

Samkvæmt upplýsingum frá rík-  
islögreglustjóra hafa frá gildistöku  
laganna borist rúmlega tuttugu til-  
kynningar vegna gruns um pen-  
ingaþvætti frá bankakerfinu. Flest-  
ar tilkynningarnar hafa verið þess  
eðlis að full ástæða hefur þótt til að  
skoða þær nánar. Þess má geta að  
nokkurrar feimni hefur gætt hjá  
starfsmönnum fjármálastofnana að  
tilkynna um grun sinn vegna hugs-  
anlegs peningaþvættis en búast má  
við að það breytist eftir því sem  
árin líða og fólk sér að tilkynning-  
arnar skila árangri. Því má gera ráð  
fyrir að tilkynningum fjölgi töluvert  
þegar fram líða stundir.

Björn L. Bergsson, bdl.

# Málsmeðferð í skattamálum


– hugleiðing –

Hér fyrr á öldinni sáu vís-  
ir menn að heldur  
gengu dómsmál hægt og  
silalega á Íslandi og í miðri  
kreppunni var gerð bragabót á  
með setningu einkamálalaga.  
Ríflega fimm tíu árum síðar  
voru hjól dómstólanna enn  
smurð og snúast nú lipurlega.  
Komi yfirgripsmikil gagnaöflun  
fyrir dómi ekki til þá má al-  
mennt búast við lyktum dóms-  
máls á innan við ári. Eftir síð-  
ustu lagfæringar á lögum um  
Hæstarétt vinnur rétturinn nán-  
ast á yfirsnúningi, svo hratt að  
mörögum finnst nóg um.

Sem sagt, nú er hægt að tala um  
það í þátt að mál velkist fyrir  
dómstólum svo árum skipti, nema  
málsaðilar svo sérstaklega kjósi.  
Sömu sögu er almennt að segja af  
stjórnsýslunni, að settum stjórn-  
sýslu- og upplýsingalögum. Máls-  
meðferð á einu sviði hefur þó set-  
ið illa eftir. Meðferð skattamála. Er  
þar með jafnframt komið að tilefni  
þess að ég set putta á lykklaborð.

Ekki ætla ég að skrökva því í les-  
endum að ég hafi yfirgripsmikla  
reynslu af málum á þessu sviði en  
kannski þess vegna bregður mér í  
brún vegna þess hve málsmeðferð-  
in getur verið forneskjuleg á köfl-  
um.

Eins og lögmenn vita hafa  
skattayfirvöld einstakt vald umfram  
aðra aðila sem í deilum standa. Sá,  
sem ekki er sáttur við afgreiðslu  
síns máls hjá skattayfirvöldum,  
verður að lúta úrskurði eða  
ákvörðun þeirra og borga keisar-  
anum það sem keisarinn krefst og  
leita síðan eftir á leiðréttingar hjá  
yfirskattanefnd eða dómstólum.  
Slíkt vald er vandmeðfarið þar sem  
oft hafa skattayfirvöld öll ráð fyrir-  
tækja eða einstaklinga í hendi sér.



Björn L.  
Bergsson, bdl.

Þar sem Lögmannablaðið er tæp-  
ast vettvangur til tæmandi úttekta  
á þessu sviði né undirritaður slíkr-  
ar úttekta megnugur ætla ég að  
nefna nokkur dæmi, nánast af  
handahófi, sem hafa komið mér  
spáskt fyrir sjónir.

Ég ætla að lögmenn  
almennt þekki muninn á  
verktökum og launþegum.  
Svo virðist sem skattayfir-  
völd þekki hann ekki.

### 1. Úrlausnir fyrirspurna – túlkunir skattalaga

Svo virðist sem stundum sé óvar-  
lega farið þegar einhverjir aðilar,  
sem höndla með greiðslu fjár, t.d.  
tryggingarfélag, beina fyrirspurn-  
um til skattsins um hvort hin eða  
þessi greiðslan sé skattskyld eða  
einhver greiðsla sé staðgreiðslu-  
skattskyld. Það, sem óvarlegt er við  
þessar úrlausnir er, að úr fyrir-  
spurnum er leyst án þess að sá,  
sem hina raunverulegu hagsmuni  
á, fái nokkru um það ráðið eða fái  
tækifæri á því að nýta sér lögbund-  
inn andmælarétt sinn. Slíkar úr-  
lausnir eru máski ekki bindandi  
fyrir skattayfirvöld en sá, sem túlk-  
un skattayfirvalda bitnar á, á engan  
kost á að láta reyna á túlkunina

fyrir skattayfirvöldum. Tvö dæmi  
vil ég nefna.

Tryggingarfélag beindi þeirri fyr-  
irspurn til ríkisskattstjóra hvort taka  
ætti tillit til sjómannaafsláttar við  
greiðslu tímabundins tjóns sjó-  
manns. Álit ríkisskattstjóra var að  
það mættu tryggingarfélag ekki  
gera undir neinum kringumstæð-  
um. Ástæðan? Bætur fyrir tíma-  
bundið tjón eru ekki laun skv. lög-  
um 75/1981. Tekið skal fram að í  
öðru dreifibréfi ríkisskattstjóra voru  
þau fyrir mæli til tryggingarféлага  
gerð heyrinkunn, að bætur fyrir  
tímabundið tjón væru staðgreiðslu-  
skattskyld, þar sem um laun væri  
að ræða.

Sjómaðurinn, sem hlut átti að  
sjómannaafsláttarmálinu, var ekki  
spurður eða kynnt álitæfnið fyrir  
en að greiðslu bóta hjá tryggingar-  
félaginu kom. Hann þarf því nú að  
reyna að sækja rétt sinn á hendur  
ríkinu með tilheyrandi kostnaði,  
með þá grundvallarreglu skaða-  
bótaréttarins að vopni, að tjónþoli  
eigi að vera eins settur eins og slys  
hafi ekki orðið.

Sýslumannsembætti spurði ríkis-  
skattstjóra hvort greiðslur til  
stefnuvotta fyrir birtingar væru  
staðgreiðsluskyld laun. Svárið var  
já. Stefnuvottar voru ekki spurðir.  
Ég ætla að lögmenn almennt þekki  
muninn á verktökum og launþeg-  
um. Svo virðist sem skattayfirvöld  
þekki hann ekki.

### 2. Meðferð mála hjá yfirskattanefnd

Þeim, sem vanir eru meðferð  
mála fyrir dómstólum, bregður í  
brún ef þeir þurfa að láta reyna á  
mál fyrir yfirskattanefnd. Á ég þá  
sérstaklega við málsmeðferðarregl-  
urnar.

Mál eru skriflega flutt. Ef finna  
ætti einhverja samlíkingu þá held

ég að helst væri að leita handan kreppunnar miklu sem fyrr var á minnst. Skattþegn kærir einhvern úrskurð skattstjóra og færir rök fyrir því að hann sé rangur. Ríkisskattstjóri „tekur til varna“, er til andsvara. Þar kemur eitt það sérstæðasta, hann er ekki bundinn af úrskurði skattstjóra, hann getur fallist á rök kæranda, en hann getur líka fært ný rök fyrir niðurstöðu skattstjóra. Þau rök þarf síðan að bera undir kærandaðan á ný. Ef hann reynir að rökstyðja mál sitt betur, í ljósi hinna nýju röksemda, t.d. með framlagningu viðbótargagna, þarf að gefa ríkisskattstjóra á ný kost á að tjá sig. Semsagt, menn geta lengi staðið í ritdeilu og breytt málinu til og frá.

Ef ég man rétt var svona málsmeðferð einmitt það sem Einar Arnórs taldi standa meðferð dómsmála mest fyrir þrífum hér fyrr á öldinni.

Þá er óminnst á annan ágalla á meðferð mála hjá yfirskattanefnd, en það er tíminn sem málsmeðferðin tekur. Við lestur lagaákvæða um nefndina virðist þetta í fyrstu sýn vera í góðu lagi. Nefndin á að úrskurða innan þriggja mánaða eftir að ríkisskattstjóri skilar inn sínum röksemdum. Ekki er þó allt sem sýnist. Ríkisskattstjóri hefur líka lögákvæðinn frest skv. lögum, en ég leyfi mér að fullyrða að þar er pottur víða brotinn. Málsmeðferðin er til muna lengri og oft óhóflega löng leyfi ég mér að fullyrða. Svo löng að gjaldandi, sem ranglega hefur verið látinn sæta álagningu, kann að vera mörg ár að rétta úr kútnum fjárhagslega, að ekki sé minnst á mögru árin á meðan málið er til meðferðar. Það, að fá dráttarvexti við endurgreiðslu, er gott og blessað en dugur skammt ef gjaldandinn hefur orðið gjaldþrota í millitíðinni.

Ríkisskattstjóra er vafalaust vandi á höndum vegna mikils málafjölda en svona eru nú reglurnar og þeim ber að fylgja. Alltént er ótæk sú aðferðarfræði, sem mér birtist í einu máli þar sem ríkisskattstjóri sendi línu til mín, f.h. kæranda, þar sem

frá því var greint að kærsmål séu afgreidd í réttari röð eftir því sem þau berast embættinu. Semsagt, ef eitt stórt og flókið mál kemur þar inn á horð sitja öll einföldu og „litlu“ málin róleg upp í hillu og bíða þolinmóð eftir því að stóra málið sé afgreitt. Ég spyr, er það bara einn maður sem leysir úr öllum málum sem eru til meðferðar hjá yfirskattanefnd? Nei, ég leyfi mér að fullyrða að bréf af þessu tagi, sem mér barst, sé frekar sniðið að umvöndunum umbodsmanns Alþingis heldur en að það sé alveg í samræmi við vinnulag ríkisskattstjóra.

-----

*Með munnlegum flutningi myndi og skapast aðbald fyrir nefndina að kveða upp úrskurði sína innan hæfilegs frests.*

-----

Mál er að linni. Greinarstúfur þessi er engin tæmandi úttekt á þeim vandamálum, sem við þeim blasir, sem við ágreiningsmál á sviði skattalaga glímur. Ofangreint er nánast nefnt af handahófi til umhugsunar. Ég hef ekkert minnst á það t.d. hversu sérstakt það er að annar málsaðilinn, ríkisbuddan, skuli skipa í nefndina sem á að leysa úr ágreiningi skattgreiðanda og skattayfirvalda, sem skaffa aur í budduna. Þá hef ég heldur ekkert minnst á það hversu furðulega treglega gengur að fá endurrit af uppkveðnum úrskurðum yfirskattanefndar, að ekki sé rætt um útgáfu slíkra úrskurða með svipuðum hætti og dómasöfn.

En skyldi eitthvað vera til ráða? Tvennt dettur mér í hug, sem misauðvelt er í framkvæmd. Í fyrsta lagi mætti fjárveitingarvaldið raunast til að manna svo embætti ríkisskattstjóra og yfirskattanefnd að undan hafist. Í annan stað mætti yfirskattanefnd breyta verklagi sínu í þá veru að láta munnlegan málflutning fara fram í skattamálum, í samræmi við meginreglu 7. gr. laga

nr. 30/1992, í stað skriflegrar meðferðar nú.

Fyrri atriðið veltur á vilja fjárveitingarvaldsins til úrbóta. Síðar nefnda atriðinu ætti hins vegar að vera hægt að hrinda í framkvæmd fljótlega, með heimild í núgildandi lögum. Ég er þeirrar skoðunar að ástandið myndi fljótlega skána ef skattamál yrðu að meginstefnu til munnlega flutt. Ef fyrirtökur væru með svipuðum hætti eins og í einkamálum myndi það skapa aðhald til þess að ljúka gagnaöflun. Með munnlegum flutningi myndi og skapast aðhald fyrir nefndina að kveða upp úrskurði sína innan hæfilegs frests. Í síðasta lagi myndi þetta einnig valda því, þegar til lengri tíma er litið, að málum hjá yfirskattanefnd myndi fækka. Í dag er svo auðvelt að smella saman stuttu bréfi, kæra einhverja ákvörðun og láta svo yfirskattanefnd um að finna út úr málinu. Ég fullyrði að margar af þeim kærum, sem nefndinni berast, eru lítt ígrundaðar, enda kærundur misfróðir um lög. Menn myndu ekki gera slíkt oft ef þeir ættu síðan að standa í eigin persónu fyrir framan nefndina og færa rök fyrir röngum eða örökstuddum málstað.

## Úr siðareglum L.M.F.Í.

3. gr.

Lögmaður skal vera óháður í starfi og standa vörð um sjálfstæði lögmannastéttarinnar.

Lögmaður má ekki taka sér starf, eða vinna nokkuð það, er heftir hlutverk hans sem sjálfstæðs og óháðs lögmanns.

Lögmaður ræður því sjálfur hvort hann tekur að sér verk eða ekki, nema lög bjóði annað.

# Álitsgerðir og úrskurðir stjórnar L.M.F.Í.

## Hagsmunagæsla við dánarbússkipti o.fl. – ágreiningur um þóknun

Í erindi, sem sent var stjórn L.M.F.Í., voru málavextir þeir að sóknaraðili (S) leitaði til lögmanns (L) og það hann að gæta hagsmunna sinna við skipti á dánarbúi eiginmanns S. L tók að sér hagsmunagæsluna í janúar 1990 en búskiptum lauk í júní 1992. L tók einnig að sér annars konar lögmannsstörf fyrir S og lauk störfum hans á árinu 1995. S taldi sig ekki hafa fengið nægar útskýringar og upplýsingar um störf L og ráðstöfun hans á fjármunum sínum, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um og leitaði því til stjórnar L.M.F.Í. um aðstoð. Stjórnin óskaði eftir því að L gerði grein fyrir störfum sínum í þágu S og fengust umbeðnar upplýsingar með greinargerð L. S gerði ekki athugasemdir við útskýringar L en fór fram á álit stjórnarinnar um það hvort áskilin þóknun L teldist eðlileg. Þóknunin nam samtals kr. 1.665.605, þar með talinn virðisaukaskattur. Enginn reikningur lá fyrir í málinu.

Fram kom hjá L að hann áskildi sér þóknun á grundvelli gjaldskrár L.M.F.Í., bæði vegna hagsmunagæslu við dánarbússkiptin, innheimtu á skuldabréfum í vanskilum, gerð dómssáttu, samninga um skuldaskil o.fl. Stjórn L.M.F.Í. féllst á það með L að þar sem hann hóf störf í þágu S meðan gjaldskrá L.M.F.Í. var í gildi, mætti hafa hliðsjón af henni við mat á þóknun L.

## Hagsmunagæsla við bússkipti

L áskildi sér kr. 838.000 í þóknun fyrir hagsmunagæslu í þágu S við skipti á dánarbúinu, sem var í opinberum skiptum. Miðaði hann við arfs- og búshluta S, sem nam kr. 22.700.000. L kvað hagsmunagæsluna hafa falist í setu á skiptafundum, athugun á kauptilboðum og kaupsamningi vegna sölu á fasteign búsin, að fylgjast með framkvæmd kaupsamnings og endurbótum á fasteigninni, útgáfu veðleyfa, afsalsgerð o.fl. Stjórn L.M.F.Í. taldi rétt að miða útreikning þóknunar L fyrir þessi störf við ákvæði c-liðar töluliðar A í 15. gr. gjaldskrárinnar, en samkvæmt því ákvæði skyldi þóknun reiknast eftir vinnuframlagi og stærð búshluta, að jafnaði 0,5-2%. Stjórnin taldi rétt að miða við hámarksþóknun skv. ákvæðinu, 2% af búshluta S. Taldist hæfileg þóknun því vera kr. 454.117.

**Innheimtulaun**  
Stjórnin féllst á áskilda þóknun L, kr. 155.000, vegna innheimtu á gjaldföllnum kröfum skv. veðskuldabréfum en L reiknaði þóknun sína af því sem fékkst greitt upp í kröfurnar af uppboðsandvirði hinnar veðsettu fasteignar.

## Gerð réttarsáttu

L áskildi sér samtals kr. 120.000 í þóknun fyrir gerð þriggja réttarsáttu, en gerði ekki grein fyrir því á hverju sú krafa byggðist. Stjórn L.M.F.Í. féllst ekki á áskilda þóknun L, þar sem hún væri með öllu örökstudd. Þótti hæfileg þóknun eiga að vera kr. 15.000 fyrir hvert mál, samtals kr. 45.000.

## Samningar um skuldaskil.

Fallist var á áskilda þóknun L, kr. 136.000, sem var í samræmi við ákvæði gjaldskrárinnar.

## Mót við uppboð

Þóknun fyrir samtals 11 mót vegna nauðungarsölu tveggja fasteigna þótti hæfileg kr. 33.000.

## Niðurstaða

Stjórn L.M.F.Í. taldi hæfilega þóknun L vera kr. 823.117 auk útlagðs kostnaðar og virðisaukaskatts. Fundið var að því við L að hann hafði ekki upplýst S nægilega vel um framgang starfa sinna. Þá taldi stjórnin það vera brýnt brot á 3. mgr. 14. gr. siðareglna L.M.F.Í. og landslögum að L hafði ekki gert S reikning fyrir áskilinni þóknun. Var sú háttsemi átalín harðlega og því beint til L að hann bætti tafarlaust úr og gerði S reikning fyrir þóknun sinni.

## Ágreiningur um uppgjör og þóknun

Eigendur nokkurra jarða (S) leituðu til stjórnar L.M.F.Í. vegna ágreinings um þóknun lögmanns þeirra (L), sem hafði unnið fyrir þá í matsmáli um bætur fyrir jarðirnar vegna virkjanaframkvæmda. Úrskurður sérstakrar matsnefndar lá fyrir 10. ágúst 1992 og fengu S jarðir sínar metnar á samtals kr. 12.280.000 auk kr. 300.000 í þóknun til L. Þann 18. september 1992 tók L við kr. 12.280.000 auk þóknunarinnar. Hann gerði upp við S þannig að hann greiddi kr. 1.932.000 þann 18. nóvember 1992, kr. 884.043 þann 27. nóvember s.á., kr. 1.114.000 þann 10. desember s.á., kr. 589.362 þann 21. desember s.á. og kr. 5.879.285 þann 12. mars 1993. Þá greiddi L með húsbúðum að innlausnarvirði kr. 190.282 þann 21. febrúar 1994 og þann 22. desember s.á. greiddi hann kr. 222.000. Samtals greiddi hann S því kr. 10.810.972.

S taldi hlutverk L hafa verið fyrst og fremst það að flytja munnlega mál fyrir matsnefndinni. Allur undirbúningur hafi verið í höndum annars lögmanns og hafi L því aðeins komið að málinu á lokaspretti. S vildi því ekki una þeirri af-



L að reikna þóknun af fjár-  
legum hagsmunum hvers og  
jarðareigendanna. Þá taldi S  
hefði dregið óeðlilega lengi  
gera skil á fjármuninum og  
því að greiða dráttarvexti.  
Ýsti störfum sínum fyrir S og  
þau verulega umfangsmeiri  
á yfir lengra tímabil en fram  
í hjá S, bæði fyrir og eftir  
málið. Þá hélt L því fram að  
það hefði verið samið milli sín  
að hann fengi þóknun frá  
eigendum vegna umfangsmik-  
hagsmunagæslu.

Áli stjórna L.M.F.Í. kom fram  
þeim tíma, er L starfaði fyrir S,  
verið í gildi gjaldskrá L.M.F.Í.  
Þar sem ekki hefði komið  
frá málinu væri rétt og  
ngt að um þóknun L færi eftir  
skránni. Hagsmunagæsla L  
snúist um bætur vegna  
ja jarða. L rak mál vegna jarð-  
sem eitt mál fyrir matsnefnd-  
Taldi stjórnin því eðlilegt að  
þóknun hans við þær heild-  
tur, sem jörðunum þremur  
úrskurðaðar samanlagt. Þá  
útskýringar L á störfum sín-  
vris S, bæði fyrir og eftir mats-  
, ekki næglegar til að hafa  
við ákvörðun þóknunar hans.  
L.M.F.Í. taldi þóknun L vera  
ega kr. 883.307 og var þá ekki  
tillit til virðisaukaskatts. Til  
tattar þóknuninni kæmu kr.  
00, þ.m.t. virðisaukaskattur,  
greiddar höfðu verið af gagn-

Áli stjórna rinnar kom enn-  
r fram að uppgjör lögmanna  
kjölstæðinga sína skal vera  
n síðarnefndu að skaðlausu. Í  
fælist skylda lögmanna til að  
eita og ávaxta fjármuni skjól-  
nganna með sem bestum  
m, þar til uppgjör færi fram,  
því dráttur. Að mati stjórnar-  
bar L að skila hinum mót-  
fjármunum án ástæðulauss  
r, sbr. 1. mgr. 14. gr. síða-  
anna. Það hefði hann ekki

Taldi stjórnin skýringar L á þessum  
vinnubrögðum ófullnægjandi. Þá  
var það talið brot gegn 1. mgr. 13.  
gr. síðareglanna að L hafði bland-  
að saman fjármunum S við eigin  
fjármuni.

Stjórn L.M.F.Í. taldi L hafa, með  
vinnubrögðum sínum og háttsemi,  
vanrækt stórlega starfsskyldur sínar  
gagnvart S og var þessi háttsemi  
mjög ámælisverð að mati stjórnar.  
Þá þótti það aðfinnsluvert að L  
gerði ekki fullnægjandi grein fyrir  
reikningsgerð sinni vegna áskilinn-  
ar þóknunar.

### **Ber lögmaður ábyrgð á greiðslu þóknunar matmanna?**

Í erindi tveggja dómkvaddra  
matmanna, J og Ó, var leitað eftir  
áli stjórna L.M.F.Í. um rétt þeirra  
til þóknunar úr hendi lögmansins  
L fyrir mat, sem framkvæmt var að  
beiðni umbjóðanda L.

Málavextir voru þeir að J og Ó  
voru dómkvaddir til yfirmats í til-  
teknu einkamáli fyrir Héraðsdómi  
Reykjavíkur. Matinu lauk í lok mars  
1996 og var reikningur matsmann-  
anna kr. 266.400 fyrir verkið. Mats-  
beiðandi var ósáttur við reikning-  
inn og krafðist úrskurðar héraðs-  
dómara um hann. Úrskurðurinn  
féll matsmönnum í vil. Dómur  
féll í ágreiningsmálinu, sem matið  
var framkvæmt vegna, án þess að  
reikningur matsmannanna væri  
greiddur og matsgerðin leyst út.  
Matsmennirnir kváðust ítrekað  
hafa haft samband við L til að  
spyrjast fyrir um greiðslu. Töldu  
þeir það óskiljanlegt að það gæti  
viðgengist að lögmaður gæti kom-  
ist upp með það að kalla eftir  
vinnu óháðra matmanna, án þess  
að tryggð væri greiðsla til þeirra.

Í greinargerð sinni til stjórnar  
L.M.F.Í. kváðst L hafa lagt mikla  
vinnu í að reyna að fá umbjóðanda  
sinn til að greiða fyrir matsgerðina.  
L kváð það vandséð með hvaða  
hætti lögmenn gætu án sakar orð-

greiðslu málskostnaðar í sérstökum  
tilvikum, sbr. 4. tölulið 131. gr.  
EML. Gera yrði ráð fyrir því að lög-  
menn gætu ekki borið hlutlæg  
ábyrgð á greiðslu málskostnaðar  
og þá ekki heldur á greiðslu um-  
bjóðenda sinna á kostnaði mats-  
manna. Þá yrði ekki séð að um  
þetta væru ákvæði í síðareglum  
L.M.F.Í. Dómkvaddir matsmenn  
tækju áhættu í störfum sínum af  
því hvort þeir fengju greitt fyrir  
verk sín. Með dómkvæðningu  
þeirra lægi ekki fyrir nein sérstök  
ábyrgð eða trygging fyrir greiðslu.  
Þeir hefðu hins vegar notið þess  
lengi, varðandi greiðslu matskostna-  
aðar, að afhenda ekki verk sín  
nema gegn greiðslu. Samkvæmt  
ákvæðum 2. mgr. 63. gr. EML gætu  
matsmenn krafist greiðslu fyrirfram  
vegna ferðakostnaðar, svo og  
tryggingar skv. ákvörðun dómara  
fyrir þóknun sinni. Í dómkvæðning-  
unni í máli þessu hefði það sér-  
staklega verið tekið fram að mats-  
beiðandi ábyrgðist greiðslu mats-  
kostnaðar. Matsmennirnir hefðu  
því átt þess kost að meta sjálfstætt  
hvort þeir tækju áhættu af því að fá  
greiðslu frá matsbeiðanda eða  
óska eftir tryggingu fyrir þeirri  
greiðslu.

Í athugasemdum við greinargerð  
L töldu matsmennirnir það óviðun-  
andi að dómkvaddir aðilar þyrftu  
að búa við þá óvissu að fá ekki  
greiðslu fyrir vinnu sína, sem þeir  
væru skipaðir til að sinna og gætu  
ekki komist undan. Þeim hefði  
ekki verið ljóst að þeir þyrftu e.t.v.  
að krefjast tryggingar fyrir greiðslu,  
enda hefði engin slík ábending  
komið frá L. Matsmennirnir höfn-  
uðu þeirri skoðun L að matsmenn  
tækju í störfum sínum áhættu af  
því að verk þeirra fengju greidd, á  
sama hátt og í öðrum verkefnum,  
þar sem í venjulegum verkefnum  
væri yfirleitt um samning milli  
verkkaupa og verktaka að ræða.  
Matsmenn gætu hins vegar ekki  
komist undan dómkvæðningu.

# Erlendar ráðstefnur og námskeið á næstu mánuðum

## Upplýsingar hafa borist til skrifstofu L.M.F.Í. um eftirtaldir ráðstefnur og námskeið á næstu mánuðum:

29.-30. september 1997: It's a Challenging World: Plugging into the Difficult Issues Confronting the Electricity Industry Around the World, haldið í Hertfordshire á Englandi, á vegum International Bar Association (Section on Energy & Natural Resources Law).

29.-30. september 1997: Community Tax Law, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

3. október 1997: Deregulation and EC Maritime Industry, haldið í Brussel, á vegum European Maritime Law Organisation.

9.-10. október 1997: Community rules on state aid, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

13.-24. október 1997: Intellectual Property & Transfer of Technology, haldið í Washington, á vegum International Law Institute.

13.-24. október 1997: International Litigation in US Courts, haldið í Washington, á vegum International Law Institute.

13.-24. október 1997: Illicit Financial Transactions: Detection & Control, haldið í Washington, á vegum International Law Institute.


16.-17. október 1997: Consumer protection: Directive on Package Tours and State Liability, haldið í Milanó á Ítalíu, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

20.-21. október 1997: The Law on Group Actions in the European Union, haldið í Vín, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

20.-21. október 1997: Insolvency Law in the European Union, haldið í Vín, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

25.-26. október 1997: Justice and the Provision of Legal Service, haldið í Kathmandu, Nepal, á vegum International Bar Association's Human Rights Institute o.fl.

30.-31. október 1997: The New Community Directive 97/7 on Distance Contracts and its Significance for Direct



and Distance Selling within the Member States, haldið í Trier í Þýskalandi, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

3.-4. nóvember 1997: European Media Law, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

3.-4. nóvember 1997: Litigation in the European Court of Justice, haldið í Trier og Luxemborg, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

3.-4. nóvember 1997: The Cooperation of Police and Judicial Authorities after the Treaty of Maastricht, haldið í Dresden, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

13.-14. nóvember 1997: Licensing contracts under European cartel law, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

14. nóvember 1997: The Practice of Trans-border Co-operation between Local Authorities, haldið í Trier á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

17.-18. nóvember 1997: The Directive Relating to the Secondment of Workers, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

24.-28. nóvember 1997: English for

24.-28. nóvember 1997: American Law and Language Seminar, haldið í New York á vegum American Language in Context.

27.-28. nóvember 1997: The financing of social security systems by taxation policy: deductibility and tax treatment of social security contributions and benefits, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

27.-28. nóvember 1997: Community Law for Administrative Law Practitioners, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

Í desember 1997: The Legal Framework for Biotechnology in the European Union, haldið í París, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

3.-5. desember 1997: The Enforcement of Judgement in civil matters in Europe - The Brussels and Lugano Conventions in judicial Practice, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

4.-5. desember 1997: The Community Eco-Audit System and its Application in the Member States, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

7.-13. desember 1997: Women, human rights, culture and tradition, haldið í London, á vegum The British Council/International Seminars.

11.-12. desember 1997: The single European market and pharmaceutical products, haldið í Trier, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

10.-16. maí 1998: Human Rights - Their Protection at a National Level, haldið í Belfast á Norður-Írlandi, á vegum The British Council/International Seminars.

Einnig hafa borist bæklingar frá University of Wisconsin og Franklin Pierce Law Center um lengri námskeið og framhaldsnám í lögum í Bandaríkjunum. Þá er á skrifstofunni bæklingur frá Europäische Rechtsakademie Trier, en á vegum akademíunnar er boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða og ráðstefna í Evrópurétti, sem haldin eru víðs vegar í Evrópu. Kennir er á einu eða fleirum tungumálum,

Í álitni stjórnar L.M.F.Í. eru rakin þau lagaákvæði og ákvæði síðareglna L.M.F.Í., þar sem fjallað er um matskostnað og skyldur lögmannna í því sambandi. Í niðurstöðu stjórnarinnar kom fram að matsmanni væri almennt skylt, lögum samkvæmt, að taka dómkvaðningu til matsstarfa, en að sú skylda væri ekki fortaklaus. Þá gæti matsmaður, lögum samkvæmt, krafist fyrirfram greiðslu ferðakostnaðar og tryggingar vegna þóknunar vegna matsstarfa. Lögum samkvæmt bæri lögmaður ekki ábyrgð á greiðslu kostnaðar fyrir hönd umbjóðanda síns og að ekki væri hægt að dæma lögmann til greiðslu annars málskostnaðar en málskostnaðar til gagnaðila umbjóðanda síns. Ef ekki væri gerð krafa um greiðslu matskostnaðar sem hluta af málskostnaði gagnaðila yrði lögmaður væntanlega ekki dæmdur til greiðslu matskostnaðar sérstaklega. Í máli því, sem hér væri til umfjöllunar, kæmi slíkt hvort eð er ekki til skoðunar, þar sem dómkvaðningin væri ekki að beiðni gagnaðila.

Að mati stjórnarinnar ber lögmaður ekki, skv. síðareglum L.M.F.Í., ábyrgð á greiðslu kostnaðar fyrir hönd umbjóðanda síns nema í undantekningartilvikum (skv. 27. gr.). Taldi stjórnin ekki hægt að yfirfæra slíka ábyrgð á greiðslu kostnaðar til annarra en lögmannna.

Niðurstaða stjórnar L.M.F.Í. var sú að matsmennirnir, J og Ó, ættu hvorki lögvarða kröfu á hendur L til greiðslu matskostnaðarinnar né bæri L ábyrgð skv. síðareglum L.M.F.Í. á greiðslu kostnaðarinnar.

## Golfmót L.M.F.Í. í sumar

Undirritaður hefur verið beðinn um af ritstjóra blaðsins að gera nokkra grein fyrir þeim golfmótum, sem Lögmannafélagið hefur staðið fyrir í sumar.

Í öllum tilvikum er um að ræða keppni með forgjöf.

Þann 23. maí s.l. fór fram minningarmót um Guðmund Markússon heitinn. Keppt var um svokallaðan Guðmundarbikar. Að loknum 18 holum voru þeir jafnir Bogi Nilsson, ríkislögreglustjóri og Gestur Jónsson, hrl. Bogi taldist sigurvegari vegna betri árangurs á síðari 9 holunum.

Holukeppni L.M.F.Í. hófst 11. júní á Nesvellinum með högggleik og stóð síðan fram eftir sumri. Til úrslita léku Hörður F. Harðarson, hdl., fulltrúi hjá Lögmonnum, Mörkinni, og Gunnar Gunnarsson, hdl., hjá Vegagerð ríkisins. Fóru leikar svo að Hörður lagði Gunnar að velli og er því meistari L.M.F.Í. í holukeppni.

Meistaramót Lögmannafélags Íslands fór fram í Grafarholti 5. september s.l. og var góð þátttaka, um 40 lögfræðingar. Bar Ólafur Axelsson, hrl., sigur úr býtum og telst því golfmeistari L.M.F.Í. þetta árið. Hjalti Pálmason, hdl., lögfræðingur Neytendasamtakanna, fór hins vegar 18 holurnar á fæstum höggum og hlaut vegleg verðlaun fyrir það.

Þá var keppt við aðrar starfsstéttir, þ.e. við lækna á Strandvelli við Hellu 13. júlí, við tannlækna á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði 12. ágúst og við endurskoðendur að Kiðjabergi í Grímsnesi 22. ágúst. Skemmst er frá því að segja að lögfræðingar unnu allar þessar keppnir með töluverðum yfirburðum.

Að lokum ber að geta þess að tvö fyrirtæki hafa sýnt þessum keppnum áhuga og vinsemd. Lyfjafyrirtækið Glaxo-Wellcome hefur gefið verðlaun og veitingar undanfarin ár í keppni við lækna og Olíuverslun Íslands hf. gaf mjög vegleg verðlaun í meistaramótinu og eru þeim færðar hinar bestu þakkir fyrir þetta. Má gera ráð fyrir að golfmót L.M.F.Í. næsta sumar verði með svipuðu sniði og vonandi árangurinn jafn góður.

Ólafur Axelsson, hrl.

## Meistaramót LMFÍ

Þessir hafa sigrað í Meistaramóti LMFÍ frá upphafi:

1984 Guðmundur Ingi Sigurðsson	1991 Tómas Jónsson
1985 Guðmundur Markússon	1992 Guðmundur Sophusson
1986 Skúli J. Pálmason	1993 Valgarður Sigurðsson
1987 Rúnar Gíslason	1994 Guðmundur Sophusson
1988 Ásgeir Magnússon	1995 Sveinn Jónatansson
1989 Jónas aðalsteinsson	1996 Tómas Jónsson
1990 Arnar Guðmundsson	1997 Ólafur Axelsson

Arnmundur Backmann, hrl.

## Er eðlilegt að viðhalda Félagsdómi sem sérdómstól?



Arnmundur Backmann, hrl.

**L**aun og flest önnur starfskjör á íslenskum vinnu-  
markaði eru ákveðin í kjarasamningum af frjálsum samtökum atvinnurekenda og stéttarfélagum. Samningsrétti þessum fylgir bæði verkfalls- og verkbannsréttur til að knýja fram samninga og sömuleiðis friðarskylda eftir að samningar eru komnir á. Leikreglur þessara miklu þjóðfélagsátaka eru skráðar í vinnulöggjöf, en það er Félagsdóms að dæma um það hvort reglur þessar hafi verið í heiðri hafðar, t.d. um stofnun, starfsemi og félagsréttindi í stéttarfélagum, kjarakröfur, sáttumleitani, verkfallsboðanir, samningagerð og sitthvað fleira af þjóðkunnum hitamálum. Þá skal Félagsdómur einnig skera úr ágreiningi um gildi og túlkun gildandi kjarasamninga.

Verkefni Félagsdóms eru því ærin og vandasöm og málin, sem undir hann heyra, bæði sérstaks eðlis og oftast en ekki mikil hitamál milli málsaðila og úti í þjóðfélaginu. Af þessari ástæðu gilda margar sérreglur um dóminn. Þannig eru það sambönd verkalyðsfélaga og atvinnurekendafélaga sem að jafnaði reka mál fyrir dómnum, sbr. 45. gr. laga nr. 80/1938. Skv. 53. gr. laganna getur stefndi komið fram með gagnkröfu án þess að höfða gagnsóknarmál. Í munnlega fluttum málum skal kveða upp dóm innan sólarhrings frá dómstöku, sbr. 64. gr. Dómurinn getur dæmt aðila í sektir, sbr. 65. gr. Réttargjöld eru engin og dómum hans verður almennt ekki áfrýjað, sbr. 67. gr.

Þrátt fyrir aðra þróun á sviði dómsmála almennt hér á landi,

hafa ekki verið uppi raddir um afnám Félagsdóms. Með nýlegum breytingum á vinnulöggjöf og flóknari málsmeðferð í kjaradeilu má jafnvel búast við að hlutverk dómsins aukist í framtíðinni. Mikilvægir þjóðfélagshagsmunir krefjast hraðrar málsmeðferðar vinnudeilna og þar er mikilvægi Félagsdóms óumdeilt.

-----  
Minnsta hætta á  
blutdrægni veldur  
vanhæfni. Algjört blutleysi dómara er grundvallarregla lýðræðisins.  
-----

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru fimm dómara skipaðir í Félagsdóm til þriggja ára í senn og fimm til vara. VSÍ skipar einn þeirra, ASÍ einn, þann þriðja skipar félagsmálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, en tveir skulu skipaðir af Hæstarétti og annar þeirra sérstaklega tilnefndur forseti dómsins. Samkvæmt 41. gr. laganna er það borgaraleg skylda að taka sæti í Félagsdómi og skv. 42. gr. skulu þeir, sem skipaðir eru í dóminn af Hæstarétti, hafa embættispróf í lögfræði.

Í 48. gr. segir að dómara þeir, sem tilnefndir eru í dóminn af Hæstarétti, víki sæti eftir sömu reglum og gilda um hæstaréttardómara. Hér vísast til 6. gr. laga um Hæstarétt Íslands, en þar eru í níu tölulíðum skráðar vanhæfisástæður hæstaréttardómara. Þær reglur, eins og aðrar sambærilegar, byggja á tengslum eða viðhorfi dómara til aðila máls, málflytjanda eða sakarefnis. Minnsta hætta á hlutdrægni veldur vanhæfni. Algjört hlutleysi dómara er grundvallarregla lýðræðisins. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum, segir í 61. gr. stjórnarskrárinnar.

En þá kemur að því sem var til efni þessara skrifa. Af framangreindu má ljóst vera að lögin gera ráð fyrir því að tveir dómenda Félagsdóms séu hlutdrægir. Þeir eru skipaðir í dóminn af heildarsamtökum deiluaðila og hinar sérstöku vanhæfisreglur 48. gr. gilda ekki um þá. Og þá er það stór spurning hvort slíkt fyrirkomulag samrýmist lengur hugmyndum um hlutleysi og óháða dómendur. Ég tel það hæpið. Í þessu sambandi er rétt að minnast þess að þann 19. maí 1994 öðlaðist Mannréttindasáttmáli Evrópu lagagildi hér á landi. Í 6. gr. hans er kveðið á um rétt allra manna til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómi.

Meirihluti Félagsdóms er vissulega óvilhallur. En í orði og á borði virkar þetta fyrirkomulag Félagsdóms þannig gagnvart málflytjendum, að einn dómenda er andstæðingur annars málsaðila frá upphafi en hliðhollur hinum og öfugt. Í vandasömum málum getur þetta auðveldlega sett mark sitt á málsmeðferð, valdið ágreiningi meðal

dómenda við aðalmeðferð, haft áhrif á spurningar þeirra og málflutning lögmannna. Eftir dómtöku er þess að vænta að þá takist sömu dómendur á um atkvæði hinna og flytji málið aftur og aftur á þeim vettvangi þar til niðurstaða er fengin. Í þessum efnum skal þess getið að undirritaður talar af nokkurri reyngu, bæði sem málflytjandi og dómari við Félagsdóm, tilnefndur af ASÍ. Mér fannst það hlutverk afar erfitt, úrlausnarefnin oftast

-----  
*Eftir dómtöku er þess að vænta að þá takist sömu dómendur á um atkvæði hinna ...*  
-----

flókin og vandasamur línudans milli lögfræði og sálfræði að vita sjálfan sig tilnefndan af öðrum málsaðila.

Án þess að halla á nokkurn dómenda Félagsdóms frá upphafi og vitandi að þar hafa jafnan setið hinir mætustu menn og eins hlutlausir og nokkur kostur var, miðað við aðstæður, þá er þetta fyrirkomulag ekki gott. Betra væri að mínu mati að kveða til sérfróða meðdómendur eftir almennum reglum.

## Af vettvangi stjórnar L.M.F.Í.

**F**rá útgáfu síðasta tölublaðs Lögmannablaðsins hafa meðal annars eftirtalin atriði verið á dagskrá stjórnar L.M.F.Í. auk meðferðar kæru- og ágreiningsmála:

### Fundur með fulltrúum Neytendasamtakanna.

Þann 12. júní var haldinn fundur með fulltrúum Neytendasamtakanna. Á fundinum kynntu fulltrúar L.M.F.Í. starfsemi félagsins, einkum lögþingunni hlutverk stjórnarinnar og meðferðar kæru- og ágreiningsmála, sem stjórninni berast. Fulltrúar Neytendasamtakanna gerði í stuttu máli grein fyrir kvörtunum vegna lögmannna, sem berast samtökunum og hvernig með þau mál væri farið.

### Lagadagur - skipun nefndar.

Eftir nokkurn undirbúning með fulltrúum L.M.F.Í. hefur dómismálaráðuneytið skipað þriggja manna nefnd til að kanna möguleikann á því að halda svokallaðan Lagadag (sbr. Lawday í Bandaríkjunum)

á næsta ári. Fulltrúi L.M.F.Í. í nefndinni er Kristín Briem, hrl.

### Samráðsfundur með Dómarafélagi Íslands.

Í byrjun september var haldinn fundur með fulltrúum D.Í., þar sem rædd voru ýmis málefni, sem áhugaverði þykja í hópi lögmannna og dómara. Aðalumræðuefni fundarins voru áhyggjur manna af neikvæðri afstöðu almennings til réttarkerfisins, eins og sú afstaða birtist m.a. í nýlegri skoðanakönnun.

### Samráðsfundur með dómismálaráðuneytinu.

Á samráðsfundi þann 23. september var m.a. rætt um lögmannnafrumvarpið (sem verður lagt fram nær óbreytt í haust), drög að reglugerð um starfsleyfi erlendra lögmannna hérlendis, réttarstöðu sakborninga og tilnefningu réttargæslumanna, reikningsgerð í gjafsóknarmálum o.fl.

### Endurskoðun siðareglna L.M.F.Í.

Stjórn L.M.F.Í. hefur ákveðið að fram fari heildarendurskoðun á siðareglum félagsins. Hef-

ur stjórnin skipað þriggja manna nefnd í þessu skyni og eigi sæti í henni Gestur Jónsson, hrl., Hákon Árnason, hrl. og Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.

### Virðisaukaskattur af þjónustu við erlenda aðila.

Í sumar tóku gildi breytingar á lögum um virðisaukaskatt, þar sem horfið var frá fyrri reglu um það að ekki þyrfti að leggja á og innheimta virðisaukaskatt af þjónustu við erlenda aðila, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt lagabreytingunni skal nú innheimta skattinn af þjónustu við erlenda aðila, en þeir geta síðan sótt um endurgreiðslu. Ýmsir aðilar, einstaklingar og félagsamtök, þ. á m. L.M.F.Í., hafa ritað fjármálaráðuneytinu bréf og hvatt til þess að lögunum verði breytt og að horfið verði frá hinni nýju reglu, þar sem hún gangi í þveröfuga átt við það sem tíðkast í nágrennaríkjunum og kunni auk þess að vera brot á ákvæðum EES-samningsins.

## Af nefndastarfi

**A**f starfi hinna ýmsu nefnda, sem starfa á vettvangi félagsins, má m.a. nefna eftirfarandi:

### Námssjóður

Stjórn Námssjóðs L.M.F.Í. hafa borist nokkrar umsóknir um styrki úr sjóðnum. Hefur stjórnin veitt Páli Sigurðssyni, prófessor, styrk til útgáfu rits um fjölmiðlarétt og Þorgeiri Örylgssyni, prófessor, styrk til útgáfu rits um veðrétt.

### Laganefnd

Laganefnd L.M.F.Í. hefur veitt nokkrar umsagnir um lagafrumvörp og drög að lagafrumvörpum, sem borist hafa félaginu. Nýlega voru sendar umsagnir um drög að frumvarpi til laga um verslunarátvinnu og endurgerð drög að frumvarpi til innheimtulaga. Um síðarnefndu

frumvarpsdrögin hefur nefndin áður sent umsagnir, sbr. umfjöllun í 4. tölublaði Lögmannablaðsins í fyrra. Að þessu sinni voru m.a. gerðar athugasemdir við 12. gr. frv., þar sem kveðið er á um heimild til handa viðskiptaráðherra að setja gjaldskrá vegna innheimtukostnaðar. Taldi nefndin það vera í andstöðu við þá megin stefnu, sem nú ríkir í íslensku viðskiptalífi, að draga skuli eins og kostur er úr afskiptum ríkisvaldsins af verðlagningu á vöru og þjónustu. Einnig vakti nefndin athygli á því að tiltekið ákvæði um heimild til sviptingar innheimtuleyfis væri mjög opið og óskilgreint (Svipta má leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef... aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi) og því e.t.v. ónothæft sem grundvöllur leyfissviptingar, þ.e. íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar.

Meðal frumvarpa og frumvarpsdraga, sem borist hafa en eftir er að semja umsagnir um, eru drög að frumvarpi til laga um þjónustukaup og drög að frumvarpi til laga um kaup (kaupalög). Þá hefur verið óskað eftir afstöðu félagsins til hugmynda um að gefa dráttarvexti frjálssa (óheft frelsi til samninga um dráttarvexti), en það er liður í undirbúningi frumvarps til nýrra laga um vexti og verðtryggingu, sem unnið er að í viðskiptaráðuneytinu. Erindið snýst nánar tiltekið um að í þeim tilvikum, sem slíku samningsfrelsi verður beitt, kynni það að hafa í för með sér mikið óhagræði fyrir dómstóla, sýslumannsembætti og við málflytning, þar sem ekki yrði unnt að byggja á sambærilegri reglu og nú er í vaxtalögum, þ.e. að almenn tilvísun í dómstöð til 10. gr. vaxtalaga nægði.

### Réttarríkið - Gagnabanki fyrir lögmennt -

Þar má m.a. finna:

#### Hæstaréttardóma

Fyrir 1996 og 1997  
uppfærðir vikulega

#### Reglugerðir

Uppfærðar mánaðarlega

#### Ýmsar álitgerðir, úrskurði og fleira.

Ný og endurbætt vefsíða

Vefsíðugerð fyrir lögfræðistofur.  
- Tilboð til loka október. -

Úrlausn-Aðgengi ehf. Skeifan 7, 108 Reykjavík. Sími 568 8886. Fax 568-8883.  
Internet pósthfang: urlausn@adgengi.is heimasíða: http://www.adgengi.is

**ÚRLAUSN**  
**AÐGENGI**

Lagasafn Íslands AG  
Ný útgáfa

Lög uppfærð til 1/7 1997



Á myndinni eru fyrir framan Wrangelska Palatset, aðsetur Svea Hovrätt, þar sem keppnin fór fram, frá vinstri: Í öfustu röð: Kristrún Heimisdóttir, laganemi, Hjörtur Bragi Sverrisson, hdl., Eva Helgadóttir, laganemi, Erna Hjaltested, laganemi, og Garðar Gíslason, bæstaréttardómari. – Í miðröð: Gunnar Helgason, hrl., beiðursformaður Club Lögberg, Guðrún Björk Bjarnadóttir, lögfr., Áslaug Auður Guðmundsdóttir, laganemi, Dóra Sif Tynes, lögfr., Guðrún Erlendsdóttir, bæstaréttardómari, Einar Páll Tamimi, lögfr., Haraldur Ólafsson, hdl., og Eyjólfur Ármannsson, laganemi. – Í fremstu röð: Kristín Edwald, lögfr., og Jónína Lárusdóttir, hdl. Á myndina vantar Ragnar Tómas Arnason, hdl.

*Ragnar Tómas Arnason, hdl.*

## Norræna málflutningskeppnin 1997

Norræna málflutningskeppnin var haldin í Stokkhólmi dagana 14. til 15. júní 1997. Keppnin var nú haldin í þrettánda sinn og tóku Íslendingar þátt að vanda. Keppnin ætti nú að vera orðin flestum lögfræðingum að góðu kunn en um er að ræða keppni milli tólf liða laganema frá hinum ýmsu lagadeildum Norðurlanda. Stjórnendur liðanna eru lögmennt. Sif Konráðsdóttir, hdl., er nú stjórnandi íslenska liðsins. Hvert lið ber að jafnaði heiti stjórnanda þess en frá síðasta ári hefur íslenska liðið verið nefnt Club Lögberg. Liðið hét áður Club Axelsson eftir Ólafi Axelssyni, hrl., og þar áður Club Garðarsson eftir Garðari Garðarssyni, hrl. Professor emeritus Jacob W. F. Sundberg við Stokkhólmsháskóla hefur frá upphafi átt veg og vanda af keppninni.

Keppnin er í formi tilbúinna málaferla fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og snýst í hvert sinn um meint brot eins hinna norrænu ríkja, sem í keppninni eru sameinuð í hið forna Kalmarsamband, gegn þegnum sínum, en Kalmarsambandið er í fyrirvari fyrir viðkomandi ríki í málinu. Atvikalýsingu ásamt fjölmörgum fylgiskjölum er dreift til keppnislíða, sem fá síðan tiltekinn tíma til að skila greinargerð. Að lokinni einkunngjöf fyrir greinargerðir er hafist handa við að semja ræður. Málflutningur fer síðan fram í einhverri af höfuðborgum Norðurlandanna. Dómarar keppinnar eru almennt hæstaréttardómarar frá Norðurlöndum og norrænir dómarar Mannréttindadómstóls Evrópu auk annarra háttsettra lögfræðinga. Sex til átta íslenskir laganemar taka þátt

í keppninni í hvert skipti fyrir hönd Íslands. Þá fylgja þeim aðstoðarmenn og þjálfarar ásamt fyrirvarsmanni liðsins.

Íslenskir keppendur hafa löngum staðið sig vel í keppninni og oftast komist í undanúrslit hennar. Keppnin í ár fjallaði um það hvort ákvörðun danskra dómstóla um sakfellingu Pakistana og brottvísun hans frá Danmörku, þar sem hann hafði fengið hæli, bryti gegn 3. og 6. grein mannréttindasáttmálans. Keppendur fyrir hönd Club Lögberg voru sex talsins, þrír í sókn og þrír í vörn. Sóknina skipuðu Áslaug Auður Guðmundsdóttir, Eva Helgadóttir og Kristrún Heimisdóttir. Vörnina skipuðu Dóra Sif Tynes, Eyjólfur Ármannsson og Erna Hjaltested. Custodes, eða faglegur ráðgjafi, var Elín Blöndal, lögfr., og síðar Hjörtur Bragi Sverrisson, hdl. Auk þess komu nú óvenju margir lögfræðingar og lögmennt að framkvæmd keppinnar og aðstoðuðu og þjálfuðu keppendur. Fengu keppendur í samræmi við þetta mikla leiðsögn áður en til keppinnar kom. Keppendur stóðu sig með þryði og var það mál manna að aldrei hefði munað minna að íslenska liðið kæmist í úrslit. Í fyrstu umferð háði sóknin rimmu við hið sterka Stokkhólmslið Club Södermark, sem vann keppnina fyrir tveimur árum, og varð jafntefli með liðunum. Vörninn vann hins vegar Oslóarliðið Club Iuslund. Í undanúrslitum keppti sóknin við liðið Club Munch Andersen frá Árósháskóla og beið nauman ósigur eftir tilþrifamikinn málflutning. Vörninn hélt hins vegar uppteknum hætti og sigraði finnska liðið Club Lejonhjärta, sem síðar komst í úrslit og vann keppnina. Hefði einkunn fyrir greinargerð verið órlítið hærri hefði Club Lögberg komist í úrslit.

Hefur frammistaða keppenda, bæði í sókn og vörn í ár, verið mikill innblástur fyrir aðstandendur keppinnar, sem sjá það nú í hendi sér að það er bara tímaspursmál hvenær íslenska liðinu takist að sigra keppnina, þrátt fyrir að það háí íslenskum keppendum að hún fer fram á „skandinavisku“. Þetta er þó sagt með þeim fyrirvara að keppnin verði haldin áfram, en nokkrar blikur eru á lofti í þeim efnum. Svíar, aðallega Stokkhólmsháskóli, hafa að verulegu leyti staðið straum af kostnaði vegna skipulagningar og framkvæmdar keppinnar til þessa. Komi til þess að Professor emeritus Jakob W. F. Sundberg og Stokkhólmsháskóli geti ekki lengur axlað jafn mikla byrði vegna keppinnar er ljóst að dreifa verður þeirri byrði á önnur þáttökulönd. Mikilið er í húfi og yrði þá að finna leiðir til þess að íslenska liðið gæti axlað sinn hluta byrðarinnar. Keppnin verður næst haldin í Osló og, ef allt fer að ósk-

um, verður hún haldin í Reykjavík þar næsta sumar.

Með þátttöku í keppninni kynntast laganemarnir vel Mannréttindasáttmála Evrópu og framkvæmd hans, auk þess sem þeir fá einstaka reynslu á sviði málflutnings. Vegna legu Íslands er þátttaka Íslendinga í Norrænu málflutningskeppninni mun kostnaðarsamari en þátttaka annarra þáttökulanda og óhugsandi nema til komi stuðningur góðra aðila. Er öflun fjár og framkvæmd keppinnar fyrir hönd Íslands alfarið í höndum þeirra lögfræðinga sem stjórna keppendum og þjálfu þá. Lögmannafélag Íslands hefur um árabíl greitt um fjórðung kostnaðar vegna keppinnar og ýmis fyrirtæki hafa sýnt góðvild í garð keppinnar. Þá hafa fjölmargir lögmennt styrkt keppnislíðið með fjárframlögum. Kunna aðstandendur keppinnar þessum aðilum bestu þakkir fyrir.

## Stefnubirting á Netinu

Í blaði norska lögmannafélagsins var fyrir nokkru skýrt frá því að í Englandi hefði nýlega verið reynd stefnubirting með all nýstárlegu móti. Lögmaður einn í London, Jonathan Coad að nafni, þurfti að leita til dómstóla fyrir hönd umbjóðanda síns til að koma í veg fyrir að einstaklingur einhvers staðar í Evrópu dreifði skaðlegum upplýsingum um umbjóðandann á Internetinu. Málavextir voru ekki nánar reifaðir. Í þessu skyni þurfti hann að leita heimildar hjá þarlandum dómstóli til að mega birta stefnuna erlendis, en varnarþingið var í Englandi. Það, sem var óvenjulegt í þessu máli var það, að ekki var vitað um heimilisfang stefnda. Það var ekki einu sinni vitað um það í hvaða landi hann bjó. Hið eina, sem vitað var um hagi stefnda að þessu leyti, var að hann bjó einhvers staðar í Evrópu og var með netfang.

Lögmaðurinn enski leitaði því heimildar hjá dómáranum um að mega birta stefnuna með tölvupósti á Internetinu. Var í því sambandi vísað til þarlandrar réttarfarsreglu um að stefnu megi birta á þann hátt sem dómari heimili. Í lagaákvæðinu eru nefndar ýmsar leiðir, sem hægt er að birta stefnur eftir, svo

sem með símbréfi (telefaxi), en stefnubirting með tölvupósti á Interneti er þar ekki nefnd. Dómarinn túlkaði ákvæðið hins vegar rúmt og heimilaði stefnubirtinguna með þessum hætti.

Stefnan ásamt fleiri gögnum, þar á meðal heimild dómarsins, var síðan send með tölvupósti til móttakandans. Hægt var að staðfesta móttöku tölvupóstsins með einhvers konar „móttökuvittun“ frá tölvu stefnda. Það, ásamt því að hann sendi lögmanninum tölvupóst, sem sýndi að hann hafði móttekið stefnuna, dugði til þess að stefnan taldist löglega birt.

Í þeirri grein, sem þessi frásögn er tekin úr, er síðan fjallað litillega um þá þróun, sem er víða að verða með tilkomu Internetsins. Fáir eða engir hafa þó gengið jafn langt og enski dómari, sem hér var nefndur.

Sagt hefur verið um okkur Íslendinga að við séum fljótir að tileinka okkur hvers konar tækninýjungar, hvort sem er í atvinnulífinu eða í heimilislífinu. Ég verð þó að játa að ég á hálf erfitt með að sjá stefnubirtingar á Internetinu heimilaðar í íslensku einkamálaögunum í náninni framtíð.

MM



Lögmenn fá  
Viðskiptablaðið  
á sérkjörum í áskrift

**1.620**  
krónur á mánuði



**GEFÐU ÆR GÓÐAN TÍMA**  
... til að ná góðum árangri


Velgengni í viðskiptalífínu veltur oftast en ekki á því að hafa góða yfirsýn yfir það sem gerist á markaðnum. Þeir sem hafa góða innsýn inn í viðskiptalífið eru jafnan hæfari til að taka réttar ákvarðanir. Ein besta leiðin til að fylgjast með markaði dagsins í dag er að lesa Viðskiptablaðið og hlusta á Viðskiptavaktina virka daga milli klukkan 18 og 18.30.

Lögmönnum býðst nú mánaðaráskrift að Viðskiptablaðinu á sérkjörum, eða fyrir 1.620 kr. í stað 1.800 kr. áður, svo það er upplagt að fá blaðið sent heim.



**Viðskiptablaðið**

NONNI OG MANNI • 1805 / 51A



## Af bókasafni L.M.F.Í.

Nú eru senn liðin 6 ár síðan bókasafn L.M.F.Í. var tekið í notkun, en það var gert á 80 ára afmæli félagsins 11. desember 1991. Safnið er árlega sótt af nokkur hundruð lögmönnum og laganemum, sem geta þar í næði flett í bókakostinum, lesið og unnið, án utanaðkomandi truflunar, svo sem vegna umferðarhávaða eða símhringinga.

Fyrir fjórum árum var tekin saman og send félagsmönnum bókaskrá fyrir safnið. Síðan hafa töluvert margar bækur borist safninu auk þess sem áskrift er að dómasafninu í Ugeskrift for Retsvæsen og íslenska dómasafninu á geisladiski. Meðal nýlegra tímarita á safninu má nefna danska tímaritið EU-ret & Menneskeret frá DJØF-bókaútgáfunni.

Nokkrum erfiðleikum er bundið að taka saman og láta prenta fullnægjandi bókaskrá fyrir safnið og óvíst að slík skrá komi út á næstunni. Til þess að upplýsa félagsmenn um nýjar bækur þar verður kappkostað að birta reglulega í Lögmannaþlaðinu lista yfir nýkomnar bækur. Hér að neðan er þannig hægt að sjá þær bækur, sem borist hafa safninu á þessu ári, flestar keyptar en nokkrar hafa verið færðar safninu að gjöf.

Bækurnar eru í stafrófsröð með nafni höfundar (eða höfunda) undir, en þeim er ekki raðað hér eftir efni eða höfundum. Listinn er tekinn nokkuð hrár úr skráningarforritinu, þar sem haldið er utan um pantaðar bækur, hvenær þær berast og hvenær þær eru greiddar. Það athugist að forritið gefur ekki kost á að notað sé sænskt „ä“ eða danskt „ø“.

**Aktieselskaber og anpartsselskaber (3. udg.). ; 1996.**

Gomard, B.

**Almindelig kontraktsret (2. udg.). ; 1996.**

Gomard, B.

**An Introduction to Finnish Law. ; 1993.**

Pöyhönen, Juha.

**Arbitration in Finland. ; 1994.**

Kurkela, Matti S.; Uoti, Petteri.

**Auktioner (3. udg.). ; 1996.**

Andersen, Jens Anker.

**Bank- og sparekasseloven, med kommentarer. ; 1996.**

Jacobsen, Chr. Boye; Larsen, P.S.; Kjoller, T.; Roed, T.

**Berlingieri on Arrest of Ships (2. ed.). ; 1996.**

Berlingieri, Francesco.

**Beslutning og samtykke. ; 1974.**

Espersen, Preben.

**Consumer Purchases through Telecommunications in Europe. ;**

**1993.**

Benno, Joachim.

**Danish Insolvency Law - a survey. ; 1996.**

Petersen, L.L.; Örgaard, N.

**De kommunale beslutninger, 1. del. ; 1970.**

Espersen, Preben.

**De kommunale beslutninger, 2. del. ; 1973.**

Espersen, Preben.

**De kommunale skattelove, med kommentarer. ; 1971.**

Espersen, P.; Pedersen, J.; Rasmussen, G.

**Den nya lagen om understödsförelag. ; 1974.**

Wenner, B.; Gabrielsson, E.

**Den sociale styrelseslov, med kommentarer (2. udg.). ; 1976.**

Baggesen, O.; Espersen, P.

**Den sociale styrelseslov, med kommentarer. ; 1971.**

Baggesen, O.; Espersen, P.

**Ersättning för ideell skada vid personskada. ; 1995.**

Nilsson, Edvard, o.fl.

**Erstatningsansvarsloven, med kommentarer (4. udg.). ; 1996.**

Möller, Jens.

**Fastighetsmaklare - aktsamhetskrav och oaktsamhetsansvar vid fastighetsförmedling. ; 1995.**

Broström, M.

Fastighetsmaklarlagen i praktisk tillämpning. ; 1995.  
Zacharias, C.  
Fogedret (4. udg.). ; 1997.  
Gomard, B.  
Forbrugerbeskyttelse ved køb og salg af fast ejendom. ; 1996.  
Theilgaard, Sören.  
Fodringsratt (6. útg.). ; 1988.  
Tiberg, H.  
Free Movement of Services - Guide to the Case Law of the European Court of Justice on Art. 59 et seq. EC-Treaty. ; 1997.  
God advokatskik - en håndbog. ; 1997.  
Holm, Mogens; Spang-Hanssen, Henrik.  
Guide to legal aid and advice in the European Economic Area. ; 1996.  
Handbok i arbetsratt. Lagtext. Kommentarer. Rattsfall (10. útg.). ; 1995.  
Runhammar, P. Stare.  
Hovedlinier i erhvervsstrafferetten (4. udg.). ; 1996.  
Greve, Vagn; Langsted, Lars Bo.  
Indledning til Folkeretten (2. udg.). ; 1996.  
Germer, Peter.  
International Consumer Protection, Vol. 1-2. ; 1995 (lausblådbók).  
Campbell, Dennis (ed.).  
Introduktion til börsretten - Börsreform II. ; 1996.  
Andersen, Paul Kruger; Clausen, Nis Jul.  
Karnov 1996 - Registre 14. udgave. ; 1997.  
Karnovs lovsamling, 4. bind 14. udgave. ; 1997.  
Karnovs lovsamling, 5. bind 14. udgave. ; 1997.  
Kaution (4. udg.). ; 1996.  
Godsk Pedersen, H.V.  
Kommune og demokrati. ; 1970.  
Espersen, Preben.  
Kommunestyre og kommunedemokrati. ; 1971.  
Espersen, Preben.  
Konkurrenslagen (2. útg.). ; 1995.  
Carlsson, K.; Söderlind, E.; Schuer, L.  
Lagen om ekonomiska föreningar. Kommentar med formular m.m. (2. útg.). ; 1995.  
Mallmén, A.  
Laytime and Demurrage (3. ed.). ; 1996.

Schofield, John.  
Letters of Credit - 1995 Uniform Commercial Code: Revised Article 5. ; 1996.  
McCullough, Burton V.  
Lov om kommunernes styrelse (2. udg.) - Normalstyrelsesvedtægt og normalforretningsorden. ; 1971.  
Espersen, P.; Harder, E.  
Lov om kommunernes styrelse (3. udg.) - Normalstyrelsesvedtægt og normalforretningsorden (2. udg.). ; 1974.  
Espersen, P.; Harder, E.  
Lov om kommunernes styrelse, med kommentarer. ; 1968.  
Espersen, P.; Harder, E.  
Lærebog i arbejdsret (6. udg.). ; 1996.  
Nielsen, Ruth.  
Lærebog i dansk og international køberet (2. udg.). ; 1996.  
Kristensen, L.H.; Elmelund, N.; Bruun Nielsen, A-D.; Nørgaard, J.  
Lærebog i erstatningsret (3. udg.). ; 1995.  
von Eyben, Bo; Nørgaard, Jørgen; Vagner, Hans Henrik.  
Lærebog i miljøret. ; 1996.  
Revsbech, Karsten.  
Nya förvaltningslagen med kommentarer (4. útg.). ; 1995.  
Hellners, T.; Malmqvist, B.  
Offentlige-private selskaber. ; 1996.  
Jensen, Sören Stenderup.  
Offentlighed i retsplejen. ; 1995.  
Liisberg, Jonas Bering; Rubin, Marcus.  
Offentlighetsprincippet (4. útg.). ; 1994.  
Bohlin, A.  
Ophavsretlig beskyttelse af musikværker. ; 1996.  
Rosenmeier, M.  
Personal injury awards in EU and EFTA countries (2nd ed.). ; 1994.  
McIntosh, D. (ed).  
Personskadeerstatning. ; 1994.  
Politiret. ; 1996.  
Henricson, Ib.  
Produktsikkerhedsloven, med kommentarer. ; 1996.  
Schnohr, U.B.; Jörgensen, L.Ö.  
Rentesregning. ; 1996.  
Jensen, Bjarne Astrup.  
Report of the EFTA-Court 01.07.95-31.12.96. ; 1997.  
Retsanvendelsens etik. - Om

dömmekraft. ; 1995.  
Höilund, Peter.  
Setting up a business in Sweden. ; 1994.  
Skog, Rolf.  
Skadeståndsratt (5. útg.). ; 1995.  
Hellner, J.  
Skadeståndsratt. En rattsfallssamling. ; 1995.  
Lindmark, D.  
Skatt på kapital (4. útg.). ; 1995.  
Tivéus, U.  
Skatte- og afgiftsstrafferet. ; 1996.  
Pedersen, Jan.  
Skatterådgivning - metode og teknik. ; 1996.  
Möller, U.G.  
Skolestyrelsesloven, med kommentarer. ; 1972.  
Espersen, P.; Kemp, H.  
Skýrsla samkeppnisyfirvalda 1996. ; 1997.  
Stiftelselagen. En kommentar. ; 1996.  
Isoz, H.  
Straffene. ; 1996.  
Greve, Vagn.  
Strafferetspleje III. ; 1996.  
Gammeltoft-Hansen, Hans.  
Sådan arbejder domstolene. ; 1996.  
Gade, Poul.  
The Constitution of the Russian Federation. ; 1994.  
The Role, Position and Liability of the Statutory Auditor in the European Union. ; 1996.  
The 1994 United Nations Convention on the Law of the Sea - Basic Documents. ; 1994.  
Platzöder, Renate (ed.).  
Tilvirkningskøbet - NLM 94 - NL 92 - ECE 188 A - ECE 188. ; 1996.  
Hörlyck, Erik.  
Udmåling af erstatning ved personskade og tab af forsørger. ; 1983.  
Úlfljótur 50 ára - afmælisrit. ; 1997.  
Understanding the CISG in Scandinavia. ; 1996.  
Lookofsky, Joseph.  
Unionsretlige selskabs- og börsregler. ; 1995.  
Schaumburg-Muller, Peer; Werlauff, Erik.

# Breytingar á félagatali

Eftirfarandi breytingar hafa orðið á félagatalinu frá því prentuð útgáfa þess var send út í mars síðast liðnum:

## Ný málflutningsleyfi fyrir béraðsdómi:

Atli Helgason, hdl., Álfaheiði 30, Kópavogi, sími 554-4171.

Gunnar Viðar, hdl., Skippholti 50 B, Reykjavík, sími 551-9096, bréfsími 562-2330.

Haraldur Örn Ólafsson, hdl., fulltrúi hjá Ásgeiri Thoroddsen, hrl., Laugavegi 97, sími 552-7166, bréfsími 552-3356.

Hjalti Pálmason, hdl., starfar hjá Neytendasamtökunum, Skúlagötu 26, sími 562-5000, bréfsími 562-4666.

Hlynur Jónsson, hdl., fulltrúi hjá Einari Gauti Steingrímssyni, hdl., Eiðistorgi 13, Seltjarnarnesi, sími 561-0077, bréfsími 562-3484.

Jónas Þór Guðmundsson, hdl., kennslustjóri í lagadeild H.Í., Lögbergi, sími 525-4386, bréfsími 525-4388.

Jónína S. Lárusdóttir, hdl., fulltrúi hjá A&P Lögmönnum, Borgartúni 24, sími 562-7611, bréfsími 562-7186.

Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, hdl., fulltrúi hjá Sigurbirni Magnússyni, hrl. og Gunnari Jóhanni Birgissyni, hrl., Austurstræti 18, sími 562-6969, bréfsími 562-6980.

Sigurður Guðmundsson, hdl., fulltrúi hjá Ásbirni Jónssyni, hdl., Vatnsnesvegi 14, Keflavík, sími 421-4850, bréfsími 421-5465.

## Ný málflutningsleyfi fyrir Hæstarétti Íslands:

Guðjón Ármann Jónsson.

## Eldri leyfi leyst út:

Ásgeir Pétursson, hrl., Sólheimum 9, Reykjavík, sími 581-2161.

Ásmundur Jóhannsson, hdl., Byggðavegi 86, Akureyri, sími 462-2742.

Baldur P. Erlingsson, hdl., Suðurlúsum 9, Reykjavík, sími 567-6581.

Berglind Svavarsdóttir, hdl.,

Höfða 2, Húsavík, sími 464-2545, bréfsími 464-2540.

Gunnar Guðmundsson, hdl., Eiðistorgi 16, Seltjarnarnesi, sími 561-8065, bréfsími 561-8066.

Halldór Jónsson, hdl., Lágmúla 7, sími 568-1915, bréfsími 553-4570.

Valur Árnason, hdl., Lágmúla 7, sími 568-1915, bréfsími 553-4570.

## Innlagning málflutningsleyfa:

Anna Dóra Helgadóttir.

Bergur Oliverson.

Bryndís Helgadóttir.

Brynhildur G. Flóvenz.

Júlíus Kr. Magnússon.

Pétur Einarsson.

Símon Ólason.

Þorvaldur Ragnarsson.

## Breytingar á heimilisföngum, símanúmerum o.fl.:

Baldvin Björn Haraldsson, hdl.: Skeifunni 19, sími 588-3330, bréfsími 588-3332.

Eggert B. Ólafsson, hdl., netfang: skuldaskil@skyr.is.

Elín Árnadóttir, hdl.: Furubyggð 18, Mosfellsbæ, símar 897-0961 og 566-8018.

Erla S. Árnadóttir, hdl., netfang: erla@kpmg.is.

Grétar Haraldsson, hdl., Dynskógum 5, Reykjavík, 567-1105 og bréfsími 567-1109.

Guðmundur Pálmason, hdl.: Nesvegi 55, Reykjavík.

Hanna Lára Helgadóttir, hdl., netfang: hanna@kpmg.is.

Helgi Birgisson, hrl.: Klapparstíg 29, Reykjavík, sími 552-8033, bréfsími 562-2150.

Helgi V. Jónsson, hrl., netfang: helgiv@kpmg.is.

Hildur Sólveig Pétursdóttir, hdl.: fulltrúi hjá Garðari Briem, hdl. og Valgarð Briem, hrl., Sóleyjargötu 17, Reykjavík, sími 561-3583, bréfsími 552-6866.

Hjörtur Bragi Sverrisson, hdl.: 1280 South Alhambra Circle, apt. 1112, Coral Gables, Florida 33146, Bandaríkjunum, sími og bréfsími 001-305-662-9282, netfang hbsmi-ami@mail2.theonramp.net.

Hrafnkell Ásgeirsson, hrl.: Skipholt 17 A, Reykjavík, sími 562-8790, bréfsími 562-8788.

Jón L. Arnalds, hrl.: sími 552-8255.

Jón Sigurgeirsson, hdl.: Skeifunni 19, sími 588-3330, bréfsími 588-3332.

Jón Ólafur Þórðarson, hdl.: póstnúmerið er 101 en ekki 105, eins og prentað er í félagatalinu.

Kjartan Norðdahl, hdl.: Háteigsvegi 50, Reykjavík, sími 562-6274, bréfsími 562-6278.

Kjartan Ragnarsson, hrl.: Nóatúni 17, sími 511-1890, bréfsími 511-1889.

Lára V. Júlíusdóttir, hdl.: Suðurlandsbraut 18, sími 588-5818, bréfsími 588-5885.

Lárus L. Blöndal, hdl., netfang: blondal@itn.is.

Linda Björk Bentsdóttir, hdl.: Samvinnusjóður Íslands hf., Sigtúni 42, Reykjavík, sími 533-3100, bréfsími 533-3110.

Oddný Mjöll Arnardóttir, hdl.: Department of Public Law, Faculty of Law, University of Edinburgh, Old College, South Bridge, Edinburgh EH8 9YL, sími 0044-131-667-2704, netfang: o.m.arnardottir@sms.ed.ac.uk.

Páll Þórhallsson, hdl., App. 201, 20 A Avenue de la Liberté, 68000 Colmar, Frakklandi, sími og bréfsími 00-225-389-800278.

Ragna Haraldsdóttir, hrl., netfang: ragna@kpmg.is.

Sigurður G. Guðjónsson, hrl., netfang: sigg@itn.is.

Stefán Pétursson, hrl., Þykkvabæ 16, Reykjavík, sími 587-5026.

Sveinn Guðmundsson, hdl.: Faxafeni 5, pósthólf 8296, 128 Reykjavík, sími 533-5858, bréfsími 533-5859.

Valgeir Pálsson, hdl., Tryggingu h.f.: sími 540-6000, bréfsími 540-6060.

Þórarinn Jónsson, hdl.: Vítastíg 13, Reykjavík, sími 562-2200, bréfsími 551-1160.

Þórður H. Sveinsson, hdl.: Suðurlandsbraut 54, sími 533-5200, bréfsími 533-5202.

Peningamarkaðsreikningur  
sparisjóðanna

# Hávaxtareikningur

nýjung í ávöxtun fjár fyrir fyrirtæki og einstaklinga



PENINGAMARKAÐSREIKNINGUR  
SPARISJÓÐSINS

Háir vextir peningamarkaðar

Öryggi og sveigjanleiki sparireiknings

Hagkvæm lausafjáravöxtun



afburða ávöxtun

10 daga binditími

engin þjónustugjöld

öryggi



**SPARISJÓÐUR**  
REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS